

HRÚTASKRÁ

2024 - 2025



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

Kraftblanda-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Kraftblanda-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	19
Hrútar 2023-24, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	29
Bæklingur um riðumál.....	32
Vesturland	
Hyrndir hrútar	33
Kollóttir hrútar	44
Árangur sæðinga og kjötmat.....	52
Riðukynbótamat.....	53
Naflaslit	54
Nokkur orð um erfðagalla.....	54
Bólusetningar.....	55
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2024.....	55
Af stöðu arfgerðagreininga og innleiðingar verndandi argerða.....	56
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	58

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Laxi 19-903	8
Bogi 21-909	8
Fursti 22-934 (nýr)	9
Faldur 23-937 (nýr)	10
Glampi 24-943 (nýr)	10
Bjargráður 24-944 (nýr)	11
Pálmi 24-946 (nýr)	11
Tópas 24-947 (nýr)	12
Feykir 24-949 (nýr)	12
Kjarval 24-951 (nýr)	14
Arfur 24-954 (nýr)	14
Kálormur 24-956 (nýr)	16
Selur 24-958 (nýr)	16
Hlekkur 24-959 (nýr)	18
Hrókur 24-960 (nýr)	18

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Galsi 23-939 (nýr)	19
Sómi 24-963 (nýr)	19
Verndari 24-964 (nýr)	20
Víti 24-965 (nýr)	20
Dufgus 24-967 (nýr)	22
Alvís 24-969 (nýr)	22
Eylert 24-970 (nýr)	23
Ófeigur 24-973 (nýr)	23
Gunnsteinn 24-975 (nýr)	24

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Bárður 22-980 (nýr feldhrútur)	25
Jökull 22-978 (nýr forystuhrútur)	28
Keli 24-977 (nýr forystuhrútur)	28

VESTURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Lási 19-904	33
Kátur 20-905	33
Böggull 21-911	34
Frosti 22-913	35
Garpur 23-936 (nýr)	36
Fróði 24-942 (nýr)	36
Hegri 24-945 (nýr)	37
Sandur 24-948 (nýr)	38
Brimill 24-950 (nýr)	38
Pistill 24-952 (nýr)	40
Karri 24-953 (nýr)	40
Hólmsteinn 24-955 (nýr)	42
Bruni 24-957 (nýr)	42

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Fáli 20-906	44
Bónus 22-938 (nýr)	44
Vörður 23-940 (nýr)	45
Fastus 23-941 (nýr)	46
Elliði 24-961 (nýr)	46
Eilífur 24-962 (nýr)	47
Ósmann 24-968 (nýr)	47
Steindi 24-971 (nýr)	48
Gautur 24-972 (nýr)	48
Toppur 24-974 (nýr)	50

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Silfurprúður 23-979 (nýr feldhrútur)	51
Völundur 24-976 (nýr forystuhrútur)	51

Hrútaskrá 2024-2025

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi

Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Mynd á forsíðu: „Litli gimbill, lambið mitt“

© Halla Eygló Sveinsdóttir. (Titill myndarinnar er úr kvæði Björnstjerne Björnson í þýðingu Þorsteins Gíslasonar).

Myndir af hrútum Birna Sigurðardóttir,

Halla Eygló Sveinsdóttir og Torfi Bergsson.

Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af sauðfjarræktar-ráðunautum RML.

Umbrot: Rósa Björk.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan,

nóvember 2024

SKÝRINGAR

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Árni Brynjar Bragason hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ


Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því minni er fitan. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hlíðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr skýrsluhaldi, í því felst mat á kynbótargildi gripanna þ.e. hverju þeir eru líklegir til að skila til afkvæma sinna. Í sauðfjárækt er reiknað kynbótamat fyrir gerð og fitu sláturlamba, ómvöðva og ómfitu úr lambadómum, líf- og fallþunga haustlamba, ásamt frjósemi og mjólkurlagni áa. Kynbótamatið er staðlað þannig að meðaltal síðustu 10 árganga er 100. **Í sviga í súlurítum hrútanna birtast upplýsingar um fjölda afkvæma með mælingu fyrir hvern eiginleika í útreikningi kynbótamatsins (n = x).**



KYNBÓTAMAT FYRIR GERÐ, FITU OG BAKVÖÐVA

Í mati fyrir GERÐ og FITU sláturlamba eru nú keyrðir saman sem tengdir eiginleikar ómvöðva- (ÓMV) og ómfitu- (ÓMF) mælingar úr lambaskoðunum, sem byggja á bakvöðvamælingu og fitu yfir bakvöðva. Með því eykst öryggi kynbótamatsins fyrir sláturleikana og það lagar bjögun á gerðarmati hrúta sem mikið er sett á undan. Í líkönum fyrir GERÐ, FITU, ÓMV og ÓMF er leiðrétt fyrir þungaflokki, kyni, búí og ári.

KYNBÓTAMAT FYRIR FALLÞUNGA

FALLÞUNGA- og LÍFÞUNGA mælingar haustlamba eru keyrðar saman í kynbótamati sem tengdir eiginleikar. Einkunnir fyrir þunga skiptast svo niður í einkunnir fyrir bein áhrif og mæðraáhrif. Einkunnir fyrir bein áhrif eru mat á vaxtargetu lambanna sjálfra. Dæmi: Feður þungra og vænna lamba við vigtun og/eða slátrun fá góðar einkunnir fyrir FALLÞUNGA bein áhrif. Einkunnir fyrir mæðraáhrif eru mat á afurðasemi áa/dætra og koma í stað kynbótamats fyrir mjólkurlagni. Dæmi: Reyndir hrútar sem fá góðar einkunnir fyrir mæðraáhrif FALLÞUNGA eiga dætur sem eru mjólkurlagnar og skila af sér þungum lömbum eftir sumarið. Í líkönum fyrir þunga er leiðrétt fyrir kyni, burði lamba, fjölda lamba sem gengu með móður, aldri móður, búí, ári og aldri lamba við vigtun/slátrun.

KYNBÓTAMAT FYRIR MJÓLKURLAGNI OG FRJÓSEMI

Upplýsingar um afurðastig og fædd lömb fyrstu fjögur afurðarár áa eru notaðar til að reikna mat fyrir MJÓLKURLAGNI og FRJÓSEMI. Í samsettri einkunn fyrir MJÓLKURLAGNI hefur hvert ár 25% vægi. Í samsettri einkunn fyrir FRJÓSEMI er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mógulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir móræðan lit, en móræð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn segir til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísnum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vítað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.

ÍSLENSKT FÓÐUR

FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með prótein-snaudu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambakögglar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.



* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í pósthúsum 101-371 og 800-881

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR



@HES

SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs eða á netfangið **sveinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum **480 1800 / 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG Á SUÐURLANDI:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar **9.- 12. des.**

Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnassýslu. **13. - 16. des.**

Uppsveitir Árnassýslu > **17.- 20. des.**

Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum **frá og með 1. des. og til og með 8. des.**

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....	1.700 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....	1.400 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....	1.200 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	1.100 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Kostnaður við hlífðarrör er innifalinn í verði sæðis.

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 23:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**

Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.

Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í **fjarvis.is** af viðkomandi bónda eða sæðingamanni.

HVATASTYRKIR VEGNA SÆÐINGA MEÐ V OG MV HRÚTUM

Í samræmi við landsáæltun um útrýmingu riðuveiki mun Matvælaráðuneytið greiða hvatastyrki vegna sæðinga með hrútum sem bera V eða MV arfgerðir.

Miðað er við að styrkuppþæð á hverja kind sem sædd er með hrút sem ber V arfgerð (ARR) sé 1.100 kr og styrkur út á hverja kind sem sædd er með hrútum sem bera MV arfgerð sé 550 kr. Ekki skiptir máli hvort hrúturinn sé arfblendinn eða arfhreinn.

Styrkuppþæð er birt með fyrirvara um að styrkuppþæð pr. kind getur lækkað ef heildarfjármunum sem ætlað er til niðurgreiðslu á sæðingum duga ekki.

Forsenda þess að styrkir verði greiddir er að bændur hafi skráð sæðingar í Fjarvís (undir „skrá sæðingu“) eigi síðar en mánudaginn 13. janúar 2025.

Styrkir verða greiddir út af Matvælaráðuneytinu í gegnum Afurð (www.afurd.is)

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ

Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík
bætiefnafata með hvítlauk
sem er hentug með
vetrarfóðrun.
Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto saltsteinar



Saltsteinar sem innihalda
náttúrulegt bergsalt og má
notast við lífræna ræktun.
Hægt að fá án eða með
stein- og snefilefnum.

10 kg steinn

Vörur fyrir sauðfjárþændur

Eigum gott úrval af vörum fyrir sauðfjár-
þændur, t.d. merkisprey og krítar í mörgum
litum, vörur fyrir sauðburð og fleira.



Ærblanda SS Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2%
hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með
góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir
hámarks ullarvöxt.

Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum.
Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir

Stalosan F



Náttúrulegt sóttþreinsiduft

Frábær forvörn gegn slefsýki

Stalosan F vinnur gegn
bakteríum, vírusum, sveppum
og snýkjudyrum. Slefsýki í
lömbum orsakast af E. coli
sem berst með óhreinindum,
oft á undan broddmjólkinni.
Stalosan F hefur reynst vel til
að fyrirbyggja smit.

Með góðum forvörnum sparast
vinna og kostnaður við lyf.

15 kg pokar




Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575 6071
Ópið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verslun Dufþaksbraut 3, 860 Hvalsvellir | S: 575 6099
Ópið virka daga kl.: 09:00-17:00

Sláturfélag Suðurlands - buvorur@ss.is - www.buvorur.is



Lýsing: Hvítur, hyrndur, nokkuð grófgerður um herðar. Malir mjög breiðar og lærahold allgóð. Fótleggur 117 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hvítur aðeins svartdröfnöttur á haus. Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið fremur stutt, einkum í baki og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Laxi 19-903 er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk talsverða notkun síðastliðinn vetur og hafa verið skráðir dómar á 235 syni hans. Þetta voru yfirleitt þroskamikil lömb og fremur langvaxin. Mælingar og dómar liggja alla jafna við eða nærri meðaltölum afkvæma stöðvahrútanna þetta haustið. Fallþungi sláturlamba undan Laxa er á meðaltali sláturlamba undan hyrndu stöðvahrútnum. Flokkun þeirra liggur heldur undir meðaltali en 53% þeirra flokkast í E og U, þar af 9% í E.



Laxi átti samtals tíu fullorðnar dætur á Svarfhóli nú í vor sem áttu jafnaði 1,9 lömb. Tvævetlurnar undan honum voru níu og áttu 1,67 lömb og átta veturgamlar dætur hans áttu 1,0 lamb til jafnaðar. Meginástæða þess að Laxi var fenginn í þjónustu stöðvanna er að hann er arfhreinn AHQ-hrútur og skilar því AHQ-genasamsætunni til allra afkvæma sinna. Hann er kominn á þann aldur og hefur verið það mikið notaður, að kynbótamatíð lýsir kostum hans best.

Litaerfðir: Á Svarfhóli eru skráð fjögur svört lömb og eitt grátt af rúmlega tvö hundruð afkvæmum Laxa, sem þar hafa fæðst þau fjögur ár sem hann var notaður þar. Eftir einn vetur á sæðingastöð eru skráð afkvæmi Laxa 1371, þar af 20 mislit eða 1,5%. Þetta eru mest grá eða svört lömb eða tvílit með þeim litum. Að öllum líkindum er Laxi arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2019-49-110-38/2,6/4,5-8,0-8,0-8,5-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2024
Fjöldi	235
Þungi	49,0
Fótleggur	109,3
Læri	17,6
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,2
Ómfita	3,0
Lögun	4,1



Lýsing: Hvítur hyrndur með nokkuð krappt hornalag. Sívalur, jafnvaxinn hrútur með góða bollengd. Mala- og lærahold mjög góð. Fótleggur er 118 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Vel hvítur en svolítið svartdröfnöttur á haus. Örfá gul hár fundust í reyfinu aftan til. Togið í meðallagi fint og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Bogi 21-909 er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann var dálítið notaður síðastliðinn vetur og er buið að skrá dóma á um 70 lambhrúta undan honum. Mælingar og dómar á þeim liggja í kringum meðaltal lambhrúta undan stöðvahrútnum fyrir alla eiginleika. Fallþungi sláturlamba undan Boga er 0,6 kg undir meðalfallþunga afkvæma hyrndu stöðvahrútanna. Þessi lömb flokkast samt ljómandi vel og fara 65% þeirra í E og U, þar af 21% í E. Bogi virðist vera öflugur kynbótarútur gagnvart gerð sláturlamba eins og kynbótamat hans lýsir.


Heima á Skarðaborg áttu fjórar tvævetlur undan Boga tvö lömb að jafnaði og fimm veturgamlar dætur hans 1,4 lömb. Frjósemi dætranna er því við búsméðaltal á Skarðaborg en afurðastig 14 dætra hans sem komu til uppgjors nú í haust eru undir búsméðaltali.

Litaerfðir: Bogi er arfblendinn hvítur enda undan grárrí á. Undan honum koma bæði grá og svört lömb en ekki mórauð eða tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2021-43-109-30/2,4/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2024
Fjöldi	71
Þungi	48,9
Fótleggur	109,4
Læri	17,6
Ull	8,0
Ómvöðvi	30,2
Ómfita	2,8
Lögun	4,1





22-934
FURSTI

Sölvabakka, Refasveit

H154
H154

KURDO 20-878
frá Sveinungsvík I

RÓSALIND HULDA LÍF 16-637

KEBAB 19-209 ~ GOLA 14-480
frá Klifshaga 2

JÓKER 12-924 ~ HORNBROTNA 10-038
frá Laxárdal I



NÝR

22-934

Lýsing: Mógolsubotnóttur krapphyrndur, fremur grófhyrndur. Fursti er breiður um herðar og útlögumikill, í meðallagi langur og holdþéttur hvar sem á honum er tekið. (Fótleggur 120 mm).

Ullarlýsing: Nokkuð vel hvítur á lagðinn miðað við lit. Togið er meðalfínt, fremur langt í síðum en styttra í baki. Pelið er þokkalega þykkt og ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Meginástæða þess að Fursti er fenginn í þjónustu stöðvanna er að hann er arfhreinn AHQ-hrútur og skilar því AHQ-genasamsætunni til allra afkvæma sinna. Hann hefur reynst prýðilega sem lambafaðir heima á Sölvabakka. Haustið 2023 átti hann 19 sláturlömb, fallþungi 18,9 kg, gerð 11,2 og fita 6,9. Búsmeðaltal fallþunga 18,7 kg, gerðar 10,5 og fitu 7,1. Í haust átti hann 31 sláturlamb, fallþungi 16,6 kg, gerð 10,7 og fita 5,9. Búsmeðaltal (ekki lokatölur) fallþunga 17,4 kg, gerðar 10,5 og fitu 6,4. Eins og sjá má á þessum tölum og kynbótamatinu er Fursti öflugur lambafaðir gagnvart gerð.

Heima á Sölvabakka áttu sjö veturgamlar dætur Fursta 1,29 lömb nú í vor. Móðir hans Rósalind Hulda Líf 16-637 var endingargóð ær sem felld var í haust. Hún var tvílembd sem gemlingur og æ síðan utan einu sinni einlembd. Hún er með 5,4 afurðastig fyrir sjö ár, en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir. Sex gimbrar hafa verið valdar í ásetning undan henni svo hún hefur greinilega notið álit heima fyrir.

Litaerfðir: Fursti er mógolsubotnóttur og getur gefið alla grunnliti, golsótt og botnótt en tvílit lömb hafa ekki fæðst undan honum á Sölvabakka.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2022-50-109-30/3,7/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-9,0=86,5 stig




Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur



NÝR

23-937

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Sívalvaxinn og samanrekin holdaköggull. Metfé að allri gerð og holdum. (Fótleggur 115 mm).

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og svört hár finnast í reyfi. Ljósuglur á haus, fótum og við dindil. Togið gróft og slétt, þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.



Reynsla: Þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar á vegum stöðvanna í Ytri-Skógum lágu fyrir í haust var ákveðið að falast eftir tveimur hrútum á stöð, þ.e. Faldi 23-937 og Garpi 23-936. Faldur stóð langefstur í heildareinkunn afkvæmarannsóknar í Ytri-Skógum og var afgerandi bestur í mati á lambhrútum á fæti. Meðalþykkt bakvöðva lambhrúta undan Faldi var 32,7 mm og meðallærastigun var 18,0. Meðaltal afkvæmarannsóknarinnar var 30,8 mm bakvöðvi og 17,6 í lærastig. Meðaltal fyrir sláturlömb (lambhrúta) Falds var 18,7 kg, 12,5 fyrir gerð og 5,6 fyrir fitu. Meðaltal afkvæmarannsóknarinnar í heild var 18,7 kg, 11,4 fyrir gerð og 6,4 fyrir fitu. Faldur er gríðarlega spennandi kostur. Hann stendur efstur í heildareinkunn í kynbótamati yfir stöðvarhrútana með 119. Hann er efstur fyrir gerð (136), ómvöðva (150) og gefur líka góðar vonir um að vera góður ærfaðir með 103 fyrir mjólkurlagni og 112 fyrir frjósemi.

Faldur er mikill Skógahrútur; út af Þór 21-896, Sævari 21-897 og öðrum góðum Skógahrútum. Móðir Falds, Slæða 22-505, er ung og því lítil reynsla komin á hana. Hún var tvílembd gemlingur og tvævetla og fékk 6,7 í afurðaeinkunn fyrir síðasta ár. Uppgjöri fyrir 2024 er ólokið.

Litaerföir: Undan Faldi komu eingöngu hvít lömb í Ytri-Skógum sl. vor og því allar líkur á að hann reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2023-42-105-38/2,4/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.



NÝR

24-943

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur, fremur grófhyrndur. Glampi er ekki þroskamikið lamb en gerðarlegur með vel lagaðan lærvöðva. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið meðalfint og fremur stutt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Glampi 24-943 er einn þeirra þriggja hrúta sem valinn var á grunni þess að hann er arfhreinn fyrir ARR genasamsætunni. Einnig var horft til þess að hann er vel hyrndur þrátt fyrir að báðir foreldrar hans séu blanda af kollóttu Þernunesfé og hinum gamalgróna hyrnda stofni í Hafrafellstungu. Við skoðun á móðurætt Glampa kemur í ljós að áður hafa Hafrafellstungubændur sótt kynbætur í kollótta stofninn því kynbótagarpurinn Steri 07-855 frá Árbæ mun vera MMMFF hans. Engu að síður ætti Glampi að vera góður kostur fyrir þá ræktundur sem vilja rækta hyrnt fé og hraða innleiðingu ARR genasamsætunnar.

Glampi er undan veturgamalli á Tófu 23-334, og er fæddur tvílembingur. Glampi var vaninn undir fullorðna á í vor en Tófa gekk með hitt lambið sem reyndist fin ásetningsgimbur. Tófa fer því prýðilega af stað hvað varðar mjólkurlagni og frjósemi en afurðauppgjör liggur ekki fyrir.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25,0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25,0%

Litaerföir: Mestar líkur eru á að Glampi reynist vera arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2024-40-100-26/3,5/4,5-8,0-8,5-8,5-8,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,0=84,5 stig.





Lýsing: Hvítur, smáhyrndur. Fremur þéttvaxinn og gerðarlegur. Snotur kind á velli.

Ullarlýsing: Hvítur, örliðið gulur á dindli en að öðru leyti fundust ekki gul hár í reifi. Togið slétt og meðalfint. Þelið meðalþykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Bjargráður 24-944 mun vera fyrsti hrútur stöðvanna frá Flatatungu í Skagafirði og því látn fylgja nokkur orð um það bú. Sauðfjárrækt er aðal-búgrein búsin og þar hefur lengi verið stundað öflugt kynbótastarf. Fjárskipti voru í Flatatungu 1992 og var þá nýr stofn sóttur bæði á Strandir og Snæfellsnes. Þá hefur markvist verið kynbætt með notkun sæðinga. Hjörðin geymir bæði hyrnt og kollótt fé og hefur þeim ættlinum talsvert verið tvinnað saman við ræktun á öflugum afurðafé.

Faðir Bjargráðs, 23-758, er vel gerður einstaklingur og stigaðist sem lamb upp á 86,5 stig. Hann skilaði góðum lömbum í haust og kom tiltölulega hátt hlutfall afkvæma hans til álita við ásetningsvalið. Móðurfaðir Bjargráðs er Melur 22-756 frá Þernunesi, en sá hrútur var í hópi fyrstu hrútanna sem seldir voru frá Þernunesi með ARR. Melur kom afbragðsvel út sem lambafaðir í Flatatungu og fer prýðilega af stað sem ærfaðir. Hann stendur nú mjög sterkur í kynbótamati fyrir alla eiginleika en matið gefur þó til kynna að lömbin gætu verið fitusækin.

Móðir Bjargráðs er aðeins veturnömul. Hún var tvílembd í vor. Bjargráður fylgdi henni í sumar en lambið á móti var vanið undir annan gemling. Það lamb var gimbur sem sett var á.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25,0%

Lítaerföir: Mestar líkur eru á að Bjargráður reynist vera arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2024-41-104-33/3,3/4,0-7,5-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,5-8,0-8,5=85,0 stig.



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með rákir í hornum, aðeins grófur um herðar, útlögugöður með afar öflugan afturpart. Langvaxinn og þroskamikill. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul eða dökk hár hvergi sjáanleg. Togið í meðallagi langt og meðalfint. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Kiðafell í Kjós bætist nú í hóp þeirra búa sem eiga fulltrúa á sæðingastöð. Á Kiðafelli er í dag meðalstórt sauðfjárbú þar sem bæði er ræktað hyrnt og kollótt fé og stundað öflugt ræktunstarf. Búið hefur á síðari árum verið í fremstu röð yfir landið m.t.t. afurða eftir hverja á en árið 2023 stóð Kiðafell næst hæst yfir landið samkvæmt lista yfir kg eftir allar ær búsin.

Pálmi er valinn sem álitlegur hyrndur ARR hrútur og efnis kynbótakind. Á bakvið Pálma standa margir þekktir hyrndir sæðingastöðvahrútar. Þar er mest áberandi verðlaunahrúturinn, Drangi 15-989 frá Hríflu, sem var á sínum tíma valinn besti kynbótahrútur stöðvanna en Pálmi rekur ættir sínar í hann á þrjá vegu.

Eðla 22-136 var geld sem gemlingur. Hún bar tveimur lömbum í vor og skilaði þeim vænum heim í haust. Tvílembingurinn á móti Pálma var 21,6 kg gimbur sem flokkaðist í U3. Afurðastig liggja ekki fyrir þar sem haustþuppgjöri er ólökkið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Lítaerföir: Pálmi er arfblendinn hvítur þar sem móðir hans er grá. Fremur ólíklegt er að hann skili móræuðu eða tvílitu.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-54-104-39/3,4/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-19,0-8,5-8,0-8,5=88,0 stig.





Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með dökk horn, aðeins hrjúfur um herðar en að öðru leyti holdþéttur og snyrtilega gerður hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og við dindil. Gul hár finnst í reyfi aftan til. Togið yfirleitt fremur stutt og í grófara lagi. Þelið er fremur þunnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Tópas er af annarri kynslóð ARR hrúta Hestbúsins. Faðir hans, Safír 23-730, átti ágætan sláturlambahóp á Hesti, þó hann skaraði ekki fram úr í samanburði innan búsins. Meðalfallþungi lamba undan honum var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og fita 6,8 (ekki lokatölur). Tópas er af sterkum meiði kominn en til að mynda má rekja ættir hans til Ramma 18-834 bæði í föður- og móðurætt.

Móðir Tópasar, 22-030, var einlembd gemlingur og hefur 6,4 afurðastig fyrir gemlingsárið. Tvílembd nú í vor og á móti Tópasari var vænn hrútur sem fór í sláturhús. Gott útlit er með mjólkurlagni hjá þessari ungu á.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Tópas reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-42-108-35/3,2/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig.



Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur, með svartan blett á framfæti. Svipmikill með dálítið kónganef. Bollangur hrútur og holdfylltur með öflug lærahold. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Ljós gulur í hnakka, á fótum og dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið meðallengt, slétt og fremur gróft. Þelið þunnt. Ullin stutt í baki og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Feykir 24-949 er sonur Blæs 23-918 og er þar af leiðandi blendingur af hyrndu og kollóttu fé, en þar mætast tveir öflugir stofnar, Hraunhálsféð og Oddsstaðaféð. Blær átti býsna öflugan afkvæmahóp í haust og var mikill þroski einkennandi fyrir afkvæmi hans.

Feykir rekur ættir sínar til Haka 21-151 sem hefur verið einn allra öflugustu lambafaðir búsins síðustu árin en sá hrútur stendur nú í 135 stigum fyrir gerð samkvæmt BLUP kynbótamati.

Móðir Feykis, 23-007, bar sínu fyrsta lambi í vor, og skilaði þessu þroskamikla og öfluga hrútlambi sem nú er komið á sæðingastöð. Afurðautreikningum fyrir 2024 er ólokið á búinu.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Móðurmóðir Feykis var svartgolsótt og því er möguleiki á að hann reynist arfblendinn fyrir þeim lit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-53-111-35/2,4/4,5-7,5-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-9,0=86,0 stig.





ALLT FYRIR SAUÐFÉ!

Fjárbætir - Grindur - Fjárvogir o.fl.

FORPÖNTUNARTILBOÐ!

GRINDUR FYRIR SAUÐFÉ

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé

Lengdir:

1,22m - kr. 10.322 - **20% afsl.** - kr. 8.258

1,52m - kr. 11.154 - **20% afsl.** - kr. 8.923

1,83m - kr. 12.035 - **20% afsl.** - kr. 9.628

Hæð: 0,90m

Forpöntunartilboð gildir til 31. desember 2024



20%
afsláttur

Fjárbætir

BRETTATILBOÐ!



REKSTRARGANGUR FYRIR SAUÐFÉ MEÐ PLASTHLIÐUM!



VERÐ: 272.676 kr.

Allar hliðar eru nú úr plasti sem gerir það að verkum að hávaði minnkar.

Rekstrargangurinn samanstendur af:

- 1 fellihlið
- 1 flokkunarhlið, "fram"
- 1 tengirammi
- 6 tengipinnar
- 4 stk. 2500mm hliðgrindur

ATH!
Plast í
hliðum!

Aukahlutir fyrir rekstrarganginn:


- Flokkunarhlið, "til hliðar"
- Tengirammi
- Einstefnuhlið

Athugið - Hægt er að kaupa stakar plasthliðar!



HLIÐGRINDUR - FJÁRVOGIR - VELTIBÁSAR

*Öll verð eru með vsk.



Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur. Bolur sívalur og bringa breið. Malir holdgrónar og ákaflega kúptur og vel lagaður lærvöðvi. Bollangur og breiðvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum en ekki í hnakka eða á dindli. Togið í styttra lagi, slétt á síðum en hroknarna í baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Kjarval 24-951 er einn af fjölmörgum sonum Birkilands 23-927 sem fram komu í haust en í afkvæmahópi hans var mikið af geysilega þroskamiklum og vel holdfylltum lömbum.

Móðir Kjarvals, Halldóra 20-040, hefur þrisvar verið tvilembd en hún var geld gemlingur. Hún er með 7,4 í afurðastig fyrir tvö ár en uppgjör fyrir 2024 er óuppgert. Gimbrin á móti Kjarval er sett á og mældist með 40 mm bakvöðva, 2,9 mm fitu og 5,0 í lögun, 9,0 fyrir frampart og 19,5 fyrir afturpart.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Líklegast er að Kjarval reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 2024-55-111-38/3,2/4,5-7,5-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Þroskamikill og stór. Afar góð holdfylling í mölum og lærum. Vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum og dindli. Gul hár fundust á mölum. Togið gróft og þelið þunnt. Ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Raftholt er að senda í fyrsta sinn hrút á sauðfjársæðingastöðvarnar. Í Raftholti eru um 120 ær og er búið gott afurða- og ræktunarbú.

Til kynbóta hafa sæðingar verið mikið notaðar í gegnum tíðina. Búið hefur oft verið ofarlega á listum RML fyrir bæði afurðir og kjötmat. Faðir Arfs, Arri 23-116, reyndist hörkugóður lambafaðir og skilaði nokkrum spennandi hrútsefnum í haust. Tveir synir hans voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar, Arfur og Karri 24-953 frá Hreiðri.

Móðir Arfs, 20-004, var einlembd gemlingur og þrisvar tvilembd. Gemlingslambið var sett á. Móðir Arfs hefur skilað vænum og vel gerðum lömbum. Hún er með 5,4 í afurðastig fyrir þrjú ár en uppgjör fyrir 2024 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Mögulegt er að Arfur reynist arfblendinn hvítur. Undan Arra föður hans hefur komið eitt svartflekkið lamb og móðir hans hefur átt eitt svart lamb.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 2024-58-114-37/5,4/4,5-8,0-8,5-9,0-9,5-9,5-19,5-7,5-8,0-8,5=88,0 stig.





SAUÐFJÁRSÆÐINGAR

Endurmenntun Lbhí er með fimm námskeið í sauðfjársæðingum. Námskeiðin henta sauðfjársæðingum og öllum sem hafa áhuga á að starfa við eða starfa nú þegar við sauðfjársæðingar. Námskeiðin eru bæði bókleg og verkleg og er m.a. kennd meðferð sæðis og verklag við sæðingar í fjárhúsi.

Kennari er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

■ **HVANNEYRI**
27. nóvember

Hjá Lbhí á Hvanneyri í Borgarfirði.
Í samstarfi við Búnaðarsamtök
Vesturlands

■ **STÓRA-ÁRMÓTI**
28. nóvember

Stóra-Ármóti á Suðurlandi.
Í samstarfi við Búnaðarsamband
Suðurlands

■ **BLÖNDUÓSI**
2. desember

Húnabraut. Í samstarfi við
Búnaðarsamband Húnaþings
og Stranda

■ **AKUREYRI**
3. desember

Á Búgarði á Akureyri. Í samstarfi
við Búnaðarsamband Eyjafjarðar

■ **EGILSSTÖÐUM**
4. desember

Miðvangi á Egilsstöðum. Í samstarfi
við Búnaðarsamband Austurlands



Námskeiðin fara fram frá kl 13-17. Verð 34.000 kr.
Skráning og nánari upplýsingar á vef Endurmenntunar Lbhí:
endurmenntun.lbhi.is



NÝR

24-956

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með rákir í hornum. Frampartur öflugur og skrokkurinn vel holdfylltur. Proskamikið og þröttlegt lamb.

Ullarlýsing: Gulur á dindli en að öðru leyti eru gul hár ekki sjáanleg. Togið fremur slétt en mjúkt. Pelið fremur þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Gýgjarhólskot lætur nú sæðingastöðvunum í té hrút í fyrsta sinn. Búið er annalað fyrir miklar afurðir og hefur verið afurðahæst yfir landið frá árinu 2015. Það var valið ræktunarbú ársins árið 2023. Árið 2006 voru fjárskipti í Gýgjarhólskoti vegna riðuniðurskurðar. Fjárskiptaféð kom frá nokkrum búum í Kirkjubólshreppi og Hólmavíkurhreppi, hinum fornu.

Faðir Kálorms, Rocky 23-221, reyndist enginn afburða lambafaðir í haust, en hann er líklegur til að geta skilað góðum mæðraeiginleikum miðað við hans ætternisspá. Móðir hans, 21-114 er öflug afurðarær eins og hún á kyn til.

Móðir Kálorms, 22-244, var tvílembd gemlingur og tvævetla. Lítil reynsla er komin á 22-244 en móðir hennar 17-737 var góð afurðarær og frjósöm sem skilaði mjög góðum lömbum á æviskeiði sínu. Móðir Kálorms er með 4,9 afurðaeinkunn fyrir tvö ár.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Kálormur reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-58-109-34/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.



NÝR

24-958

Lýsing: Hvítur, finhyrndur, aðeins krapphyrndur. Frampartur breiður og sívalur. Frábær bakhold og lærvöðvi vel kúptur. Þykkvaxinn og gerðarlegur en bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum og dindli og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið langt og meðalfint. Pelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi. Lagðprúður hrútur.

Reynsla: Kópsvatn 2 er nýtt bú á lista þeirra búa sem skilað hafa hrútum á stöð. Féð á Kópsvatni er að upplagi frá Haukholtum I í Hrunamannahreppi en á Kópsvatni er stundað öflugt ræktunarstarf, bæði með sæðingum og aðkeyptum ræktunargripum.

Faðir Sels, Harri 23-014, átti glimrandi góðan lambahóp í haust. Meðalfallþungi 26 sláturlamba var 21,1 kg, einkunn fyrir gerð 12,2 og einkunn fyrir fitu 8,0. Meðalfallþungi á búinu var 21,5 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 8,3. Nokkur úrvals hrútsefni komu fram undan Harra og á hann nú tvo syni á stöðvunum. Þá Sel og Brimil 24-950. Einnig voru settar á 9 gimbrar undan honum. Selur er arfblendinn fyrir ARR og AHQ og skilar því góðum genum til allra afkvæma sinna. Móðir Sels, 22-205, var tvílembd tvævetla en geld gemlingsárið. Hún er með 4,5 í afurðastig fyrir eitt ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Selur er arfblendinn hvítur. Móðir hans er svartbotnótt og því er alveg öruggt að talsvert mun koma af botnóttum lömbum undan honum, ásamt öðrum litum. Undan Harra föður Sels komu tvílit lömb en mórauður litur hefur ekki komið fram.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2024-47-110-36/4,3/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.





LÍFLAND

Kjarngóðar ærblöndur

Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.



Ærblanda

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengiendi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Ærblöndurnar fást í 25 kg og 500 kg sekkjum



TILBOÐ Á FLUTNINGI

Þú færð **Ærblöndur** sendar frítt á stöð hjá Samskipum hvert á land sem er eða frían flutning með Líflandsbílum á viðeigandi dreifingarsvæði skv. áætlun.

Gildir til 15. desember 2024 og miðað við að pantaður sé minnst heill stórsekkur eða 12 smásekkir.

Bætiefni



Sauðfjárfata

Bætiefnafata sérstaklega ætluð íslensku sauðfé. Auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum.



Kalksalt

Bætiefnafata framleidd úr endurnýttu salti úr fiskvinnslu og hafkalki úr Arnarfirði auk þess að vera selen, A-, D-, og E-vítamínþætt.



HIMAG magnesíum fata

Með viðbótarmagn af magnesíum og hagstætt hlutfall kalsíum og fosfórs. Rík af öllum helstu stein- og snefilefnum og vítamínum.



FW steinefnasteinn

Steinefna- og selenþættur saltsteinn fyrir allan bústofn. Koparsnauður og hentar því sauðfé.



BIGGI Alhliðablanda

Fínt möluð steinefnablanda fyrir búfénað. Aðlöguð að íslensku gróffóðri með háu innihaldi selens og E- vítamíns.



Ekta bætiefnasaltsteinn

Bætiefnafata unnin úr íslensku afsalti úr fiskvinnslu, kalkþörungamjöli auk þess að vera selen, A-, D- og E-vítamínþætt.




Alhliðasteinn

Saltsteinn framleiddur úr náttúrulegu salti án aukaefna. Hentugur fyrir allan búfénað í hefðbundnum og lífrænum búskap.



Sauðfjársteinn

Saltsteinn fyrir sauðfé. Inniheldur lífrænt selen og fleiri lífsnauðsynleg stein- og snefilefni. Sauðfjársteinninn er koparsnauður.



NÝR

24-959

Lýsing: Hvítur, grófhyrndur. Þéttvaxinn hrútur með úrvals holdfyllingu í baki, á mölum og í lærum. Afar langvaxinn og glæsilegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og dindli. Töluvert af gulum hárum í reyfinu. Togið meðallangt, fremur slétt og í grófara lagi. Pelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.



Bakgrunnur: Hlekkur 24-959 var valinn í hóp stöðvahrúta sem álitlegur kynbótagrípur og sökum þess að hann er arfblendinn fyrir AHQ og C151. Hér er í raun um að ræða nýja uppsprettu breytileikans C151 en Hlekkur erfrir hann frá móðurafa sínum, Við 19-164. Faðir Hlekks, Kekkur 23-136, átti ágætan sláturlambahóp í haust á Mýrum 2, meðalfallþungi afkvæma hans var 19,4 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 7,1. Samkvæmt kynbótamati er Kekkur mjög efnilegur ærfaðir en kynbótamat hans fyrir mjóklurlagni eru 111 stig og fyrir frjósemi 113.

Móðir Hlekks, 22-851, var einlembd gemlingsárið. Hún átti þá gimbur sem var lógað. Fallþungi hennar var 19,5 kg og flokkaðist í E3+. Í vor var hún tvílembd og á móti Hlekk var gimbur sem fór í sláturhús. Fallþungi hennar var 19 kg og flokkaðist hún í E2. Móðurmóðir Hlekks, 18-918 var eflingsær. Hún var einlembd gemlingur en síðan tvílembd og loks þrílembd síðustu tvö vor. Drapst nú í sumar en er með 5,6 afurðastig fyrir 5 ár en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir.

Litaerfðir: Miklar líkur eru á að Hlekkur sé arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AC₁₅₁, RQ//AHQ).

Mál og stigun: 2024-57-110-37/2, 1/5, 0-8, 0-9, 0-9, 0-9, 5-9, 5-19, 0-7, 5-8, 0-9, 0=88,5 stig.



NÝR

24-960

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svartan blett á afturfæti. Þéttvaxinn og lærasterkur holdahnykill. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing: Ljós gulur í hnakka, á fótum og dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið misjafnt að lengd, gróft og slétt. Pelið fremur þunnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullarfar dálítið misjafnt.


Bakgrunnur: Hrókur 24-960 var fenginn til liðs við sæðingastöðvarnar sem glæsilegur einstaklingur og góður fulltrúi fyrir hinn mögulega verndandi breytileika T137. Hann fær T137 frá föður sínum, Vita 23-073. Sá hrútur átti mjög öflugan afkvæmahóp á Brúnastöðum í haust, mest allt gemlingslömb sem stóðu ofarlega í stigun lamba og stefnir í að hann eigi allstóra hlutdeild í ásetningshópnum fyrir komandi vetur.


Móðir Hróks, Gjóta 23-619, var tvílembd í vor. Hrókur var alin upp af fösturmóður en tvílembingurinn sem gekk undir Gjótu fórst í sumar.

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Hrókur reynist arfhreinn hvítur

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇, RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2024-48-105-33/4, 2/4, 5-8, 0-8, 5-9, 0-9, 0-9, 0-19, 0-8, 0-8, 0-8, 5=87,0 stig.





Lýsing: Hvítur, kollóttur, herðabreiður, útlögumikill og holdþykkur. Ákaflega gerðarlegur gripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið er meðallangt og fínt. Þelið þykkt. Ullmagn fremur mikið og ullin eðlisgóð.



Reynsla: Galsi 23-939 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta nú í haust. Við val hans var horft til þess að hann er arfhreinn fyrir AHQ genasamsætunni samhliða því að vera álitlegur kynbótahrútur. Galsi átti góðan lambahóp í haust. Líkt og tölur standa nú er hann með 11,1 í einkunn fyrir gerð, 7,7 fyrir fitu og fallþungi 18,4 kg. Uppgjöri gagna er ekki lokið á Heydalsá en útlit er fyrir að Galsi sé við meðaltal fyrir gerð en þungi yfir búsméðaltali. Faðir Galsa, Galdur 17-169, er hrútur sem átt hefur óvanalega langan og farsælan feril en í vor fæddist sjöundi árgangurinn undan honum á Heydalsá. Samkvæmt uppgjöri 2023 átti Galdur 29 dætur sem skara framúr á búinu bæði fyrir mjólkurlagni og frjósemi en búseinkunn þeirra er 117 fyrir frjósemi og meðalafurðastig ánnu 5,37.

Móðir Galsa, 20-710, var einlembd sem gemlingur en ávallt tvílembd eftir það. Fjögur afkvæmi hennar hafa valist til ásetnings. Hún er með 6,5 afurðastig eftir þrjú ár en uppgjöri 2024 er ólokið.

Litaerfðir: Undan Galsa kom eitt svart lamb á heimabúinu sl. vor. Faðir hans er grár og skilar jafnframt tvílit. Frekari reynsla verður að skera úr um hvaða litum Galsi getur skilað en hann er örugglega arfblendinn hvítur. Galsi er hreinhvítur og skilar því til afkvæma sinni gefi mæður kost á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2023-46-111-31/3,6/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-8,5-18,0-9,0-8,0-8,5=86,5 stig.



Lýsing: Svartgolsubíldóttur, hnýflóttur, fremur gerðarlegur hrútur, nokkuð breiðvaxinn með ágæta holdfyllingu.

Ullarlýsing: Togið er slétt og fremur gróft, þelið fremur þunnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Sómi er einn af fimm fulltrúum hinnar nýju ARR ættarlínu úr Dölunum. Sómi er hálfbróðir Varðar 23-940 en þeir bræður fá ARR samsætuna frá Gullbrá móður sinni. Gullbrá er kollótt en ætt hennar allnokkuð blönduð af hyrndu og kollóttu fé. Faðir Sóma, Gandálfur 21-445, er hins vegar hyrndur hrútur kominn af hyrndu fé. Gera má því ráð fyrir að Sómi geti gefið breytilegt hornalag, allt frá hyrndu yfir í kollótt. Gandálfur hefur reynt prýðilegur lambafaðir og er kynbótamat hans fyrir gerð 114, fitu 118 og fallþungi bein áhrif 111. Ekki er komin mikil reynsla á hann sem ærföður en dæturnar fara vel af stað fyrir frjósemi og um meðallag fyrir mjólkurlagni.

Gullbrá 16-189 hefur verið frjósöm og skilað góðum afurðum. Ferilskrá hennar byrjar þó á því að hún lét einu lambi sem gemlingur. Eftir það hefur hún þrisvar verið tvílembd og fjórum sinnum þrílembd en Sómi er fæddur þrílembingur. Gullbrá var þrílembd í vor; þá 8 vetra gömul. Hún er með 6,9 afurðastig eftir 6 ár en uppgjöri fyrir 2024 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Sómi er svartgolsubíldóttur og ætti því að geta gefið dökka liti og tvílit, allt eftir því hvað mæður lambanna leggja til málanna. Gefur hreinhvitt. Það kemur í ljós næsta vor hvort hann skilar einnig mörðuðum lit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-50-111-32/2,6/4,5-7,5-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig.





Lýsing: Hvítur, kollóttur. Ágætlega gerður hrútur með allgóða vöðvafyllingu. Fremur langvaxinn.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt, liðað og fremur fint og jafnt. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi og hrúturinn lagðprúður.

Bakgrunnur: Verndari 24-964 er einn af fimm fulltrúum nýju ARR línunnar sem fannst í Dölunum, en faðir hans Vörður (sjá umfjöllun um Vörð 23-940 á bls. 45) var fyrsta kindin af þessum meiði sem greindist með ARR. Móðurætt Verndara er mestmegnis komin af kollóttu fé og rekur ættir sínar m.a. í Heydalsá og Miðhús á Ströndum. Langamma hans í beinan kvenlegg er þó talsvert mikið blönduð af hyrndu og kollóttu, en hún var undan Guma 09-880 frá Borgarfelli.

Móðir Verndara, 21-597, var einlembd gemlingsárið en lambið vantaði af fjalli um haustið. Hún var aftur einlembd tveggja vetra en gekk þá með tvö lömb og skilað þeim rígvænum. Í vor var hún tvílembd og bæði lömbin valin til ásetnings. Hún er nú með 7,6 afurðstig en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Móðir Verndara er hreinhvít undan svartgolsótttri á. Faðir hans, Vörður 23-940, er einnig arfblendinn og hefur gefið dökka liti og tvílit. Það er því mögulegt að Verndari reynist vera arfblendinn hvítur. Öruggt er að hann skilar hreinhvítum lömbum þegar mæðurnar gefa kost á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-47-110-30/3,3/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,0 stig



Lýsing: Hvítur, örðóttur. Fremur breiðvaxinn með góða holdfyllingu. Proskamikill og stórvaxinn með góða bollengd. Þróttlegur hrútur. Framfætur örlítið útskeifir.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og í grófara lagi. Ullin er togmikil og þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Viti 24-965 var valinn á sæðingastöð sem ARR hrútur af Dalalínu. ARR fær hann frá Verði 23-940 föður sínum (Sjá umfjöllun um Vörð 23-940 á bls. 45). Í móðurætt Vita standa honum næst kindur af kollóttum ættum, úr Dölum, Ströndum og Reykhólasveit.

Móðir Vita, 19-418, hefur skilað góðum vænleika en ekki sýnt mikla frjósemi. Hún var geld sem gemlingur. Eftir það hefur hún verið tvisvar tvílembd og tvisvar einlembd. Hún er með 6,2 afurðastig.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Viti er arfblendinn því móðir hans er svartfleckótt. Hún hefur átt eitt mófleckótt lamb og því vissar líkur á að Viti geti gefið alla liti. Faðir hans, Vörður 23-940, er einnig arfblendinn og hefur gefið dökka liti og tvílit. Öruggt er að Viti skilar hreinhvítum lömbum þegar mæðurnar gefa kost á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-57-115-34/3,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.





Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!




Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is



NÝR

24-967

Lýsing: Hvítur, kollóttur með afar þröttlegan haus. Skrokkurinn allur breiður og holdgróinn og fótstaða gleið. Sérlega fönguleg og öflug holdakind.

Ullarlýsing: Dálítið er af gulum hárum aftan til í reyfi. Togið er fremur gróft og slétt. Þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Duggus kemur á stöð sem sérlega glæsilegur einstaklingur en þetta er í fyrsta sinn sem hrútur frá Sauðafelli er valinn inn á stöðvarnar. Þar hefur um árabil verið í kringum 500 kinda bú og prýðilegar afurðir. Féð er að mestu kollótt og sæðingar verið mikið notaðar.

Móðir Duggusar, 19-940, var einlembd gemlingur en síðan tvílembd þar til í vor að hún var þrílembd. Hún er með 5,4 afurðastig fyrir fjögur ár en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir. Móðir hennar 15-784 hefur enst vel og verið frjósöm. Tvílembd gemlingur, einlembd tvævetta en síðan fjórum sinnum þrílembd og þrisvar tvílembd. Hún er með 5,7 afurðastig fyrir átta ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Talsverðar líkur eru á að Duggus sé arfblandinn hvítur eins og Moli 23-919, faðir hans. Moli var arfblandinn fyrir gráum lit og skilaði einnig tvílit en ekki mórâuðu. Hverju Duggus skilar kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir; arfblandinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2024-49-109-36/3,2/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-19,0-8,5-8,0-9,0=89,5 stig.



NÝR

24-969

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Afar þéttvaxin og harðholda kind. Samanrekin vöðvahnykill með úrvals lærahold.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið stutt, slétt og fínt. Þelið nokkuð þykkt. Ullin mjúk og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Alvís 24-969 kemur frá Kjarna í Eyjafirði og er því kynnt til sögunnar bú sem hefur ekki áður átt hrút á sæðingastöð. Í Kjarna hófu Davíð og Sigrún sauðfjárbúskap 1998 og byggir stofninn að hluta á ám sem fylgdu jörðinni og að hluta sem keyptar voru frá Möðruvöllum í Hörgárdal, aðallega var það kollótt fé. Kynbætur hafa verið stundaðar af kappi með megináherslu á gerðarmikið kollótt fé. Búið hlaut sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2015.

Alvís er sonur Mola frá Miðdalsgröf sem reyndist einn af öflugustu lambafeðrum stöðvanna samkvæmt niðurstöðum haustsins. Í móðurætt rekur hann sig í margar þekktar línur kollótta fjárins í gegnum sæðingar og aðkeypta kynbótahrúta.

Móðir Alvíss, 22-216, var tvílembd sem gemlingur og hún var aftur tvílembd í vor. Hún er með 5,5 afurðastig en uppgjóri ársins 2024 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Nokkrar líkur eru á að Alvís geti gefið aðra liti en hvítt. Moli 23-919, faðir hans, reyndist vera arfblandinn fyrir gráum lit og tvílit en gaf ekki mórautt. Móðir Alvíss er einnig arfblandin því hún er undan grábotnótri á. Þetta kemur í ljós næsta vor en víst er að Alvís mun skila hreinhvítum lömbum eins og hann er sjálfur; gefi mæðurnar kost á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir; arfblandinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2024-45-101-35/3,6/4,5-8,0-9,5-9,0-9,0-9,5-19,5-8,0-8,0-8,0=88,5 stig.





Lýsing: Hvítur, kollóttur. Jafnvaxinn og vöðvaþykkur með mjög góð lærahold. Proskamiðið og þróttlegt lamb.

Ullarlýsing: Ullarskoðun ekki framkvæmd.

Bakgrunnur: Eylert 24-970 kemur frá Kiðafelli í Kjós (sjá umfjöllun um Pálma 24-946 á bls. 11). Hann er einn af fjölmörgum úrvalssonum Steins 23-926 frá Kaldbak sem komu til skoðunar í haust. Móðurættin sækir afurðagen sín víða, bæði í hyrnt og kollótt fé, en MFF er Guðni 17-814 frá Miðdalsgröf, MMF er Drangi 15-989 frá Hriflu og MMMF er kauphrútur frá Skjaldfönn.

Dögg 20-036, móðir Eylerts, var tvílembd á fyrsta vetri og skilaði þá tveimur vænum lömbum um haustið. Síðan hefur hún einu sinni verið tvílembd og tvisvar þrílembd. Hún er með 8,4 afurðastig eftir 3 ár en árið 2024 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Eylert 24-970 er arfblendinn hvítur þar sem faðir hans Steinn 23-926 var svartur. Steinn gaf jafnframt tvílit en ekki mórætt. Dögg, móðir Eylerts, er hvít en hefur átt bæði svart og svartflekkið lamb. Það kemur í ljós næsta vor hversu mikil litafjölbreytni verður hjá afkvæmum Eylerts.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-66-110-34/5,6/4,0-7,5-9,0-9,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.



Lýsing: Svartur, kollóttur. Frábærlega holdfylltur hvar sem á honum er tekið. Bollangur og glæsilegur á velli

Ullarlýsing: Hrafnsvartur, með langt, liðað og fremur fínt tog. Þelið er þykkt og hrúturinn ullarmikill. Mjög góð svört ull.

Bakgrunnur: Ófeigur 24-973 er einn af fjölmörgum glæsilömbum sem komu til skoðunar í haust undan Steini 23-926 frá Kaldbak. Móðir Ófeigs er frá Broddanesi en ættuð frá Heydalsá í föðurætt. Móðurfaðir Ófeigs, Surtur 18-051 frá Heydalsá, reyndist lofandi ærfaðir en 4 dætur hans eru með 7,93 afurðastig að jafnaði. Móðir Ófeigs, 19-046, hefur ætíð verið tvílembd. Hún hefur skilað frábærum afurðum en sett hafa verið á 8 afkvæmi hennar, hvert öðru glæsilegra. Hún átti m.a. efsta hrútinn á héraðssýningu lambhrúta í Strandasýslu 2023. Hún er með 9,3 afurðastig en uppgjöri fyrir 2024 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Ófeigur er svartur eins og faðir sinn en móðir Ófeigs er dökkgrá ær. Gæti gefið tvílit eins og faðir sinn en móræuð lömb virðast ólíkleg.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir, arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2024-55-111-37/2,9/4,0-8,0-9,0-9,5-9,0-9,0-19,0-8,5-8,0-9,0=89,0 stig.





24-975

GUNNSTEINN

R171

frá Hólabæ, Langadal.

STJÁNALINGUR 23-591
frá Árgerði

20-722

GULLMOLI 22-902 ~ EBETA 17-740
frá Þernunesi

IMBI 18-593 ~ 15-550

FMF: Ebiti 13-971, FMMF: Krapi 13-940, MFFF: Plútó 14-973, MMFF: Roði 10-897



NÝR

24-975

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Þroskamikill og breiðvaxinn með úrvals mala- og lærahold.

Ullarlýsing: Vel hvítur og illhætur fundust ekki í reyfi. Togið fremur langt og þelið þykkt. Fallegur gljai á ullinni. Fremur ullarmikill hrútur.

Bakgrunnur: Gunnsteinn 24-975 er frá Hólabæ en ekki hefur það bú átt hrút í hrútaskrá áður enda staðsett í hólfi sem hefur lengst af verið stöðvunum lokað. Á Hólabæ er allstórt fjárbú þar sem öflugt ræktunarstarf hefur verið stundað um langt skeið og afurðir góðar. Á búinu eru bæði kollóttur og hyrndur stofn.

Gunnsteinn er undan hrútnum Stjánaling 23-591 frá Árgerði í Sæmundarhlíð í Skagafirði en í Árgerði er að finna úrvalsgott kollótt fé. Stjánalingur átti einn af bestu lambahópunum á Hólabæ í haust. Meðaleinkunn afkvæma Stjánalings fyrir gerð var 10,6, einkunn fyrir fitu 6,6 og fallþungi 16,8 kg og voru lömbin 126 daga gömul að jafnaði. Uppgjör búsins er ekki fullfrágangið.

Móðir Gunnsteins, 20-722, rekur ættir sínar í ýmsa þekktu kollótta hrúta sem hafa verið á stöðvunum en í beinan kvenlegg í fjórða ættlið er hún út af kaupakind frá Smáhömrum í Steingrímsfirði. Hún er úrvals afurðakind. Hún hefur alltaf verið tvílembd og stendur nú í 9,7 afurðastigum en óreiknaðar eru afurðir fyrir 2024. Tvílembingurinn á móti Gunnsteini gaf bróður sínum lítið eftir og var stigaður upp á 88,5 stig.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Miklar líkur eru á að Gunnsteinn sé arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-50-110-36/3,1/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-19,0-8,5-8,0-9,0=89,5 stig



Er fyrirtækið þitt tryggt?

Fyrirtækjatyggingar á vordur.is



22-980
BÁRÐUR
frá Bjarnarhöfn, Helgafellssveit (keyptur frá Glitstöðum, Norðurárdal)



Lýsing: Dökkgrár, kollóttur, langvaxinn og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Mjög jafn dökkgrár litur. Ullin er þellítill sem er kostur við feldræktun og togíð þétt og mjúkt. Togháragerð býsna jöfn um búkinn. Víða á bolnum má finna sterkan lokk og falletgur gljái er á ullinni.

Reynsla: Bárður 22-980 var valinn á stöð sem efnilegur feldgæðahrútur sem jafnframt kemur með, að hluta, nýtt og óskýlt blóð inn í ræktun feldfjár. Það er nauðsynlegt öðru hverju þar sem grunnræktunarhópur síðustu ára er mjög lítill. Bárður fékk sem lamb prýðilegan felddóm og í haust kom fram lambhrútur undan honum á Glitstöðum sem fékk sama felddóm og faðir sinn. Sá hrútur reiknast þó aðeins 50% af feldfjárættum.

Bárður reiknast 63% af ættum feldfjár í Fjárvis. Hann rekur jafnframt ættir til öflugra stöðvahrúta hvað holdfyllingu varðar s.s. Spotta 13-942 frá Árbæ og Kropps 10-890 frá Bæ. Vonir standa til þess að Bárður geti sameinað mikil feldgæði og betri holdfyllingu en almennt er að finna í feldfénu. Haustið 2023 voru níu sláturlömb undan Bárði á Glitstöðum. Fallþungi þeirra var 14,9 kg, gerð 8,0 og fita 6,7. Sama ár var Bárður lánaður að Heggstöðum í Andakíl til að bæta feldgæði. Þar átti hann sjö sláturlömb og var fallþungi þeirra var 15,9 kg, gerð 9,7 og fita 8,3. Móðir Bárðar, 19-907, var felld nú í haust. Hún var tvílembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd, þá einlembd og loks þrílembd nú í vor. Hún hefur 6,2 afurðastig fyrir fjögur ár en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir.

Litaerföir:
Gefur grátt og svart en líklegast ekki tvílit eða mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:
Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARQ).

Felddómur 13/10 2022

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Togháragerði	Þéttleiki	Heildareinkunn
4	3	4	4	3	3	3	24

Er allt klárt fyrir fengitímann?



Forðastautar fyrir sauðfé
-leysast hægt upp í vömbinni
-virka í um 4 mánuði
-fást einnig með kopar
-50 stk í stauk



**Vélklippur
Fjárkrítar
Fjársprey
Skírlífsbelti
Forðastautar og
margt, margt fleira!**



**SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ Á
WWW.KB.IS**



Kollóttir

18-854	Svörður	31	50,4	29,5	3,2	3,8	112,8	7,9	8,6	8,7	8,5	8,6	17,5	8,3	8,0	8,2	84,3	106	113	114	123	110	110	104	110	F
19-888	Móri	29	51,0	29,1	3,0	4,0	112,1	7,9	8,5	8,6	8,4	8,5	17,6	8,1	8,0	8,2	83,6	111	101	101	124	104	106	115	113	F
19-889	Kústur	26	51,0	31,6	3,7	4,3	108,9	8,0	8,7	8,7	8,6	8,7	17,9	8,4	8,0	8,5	85,4	108	113	95	122	120	121	94	108	F
20-906	Fáli	57	48,8	31,4	3,2	4,2	108,1	7,9	8,6	8,7	8,6	8,8	18,0	8,5	8,0	8,4	85,5	109	111	104	114	104	101	103	107	B
20-908	Kópur	23	45,6	29,1	3,0	4,0	110,0	7,9	8,4	8,5	8,4	8,5	17,5	8,1	8,0	8,1	83,4	113	107	95	121	99	100	98	106	F
21-899	Gimsteinn	137	47,7	29,1	3,2	4,2	108,1	7,8	8,4	8,6	8,4	8,6	17,6	8,0	8,0	8,3	83,8	102	100	90	120	111	114	119	112	F
21-912	Flóni	21	52,9	30,8	3,4	4,2	111,2	7,9	8,6	8,8	8,6	8,7	17,7	8,5	8,0	8,4	85,1	107	106	103	120	109	104	101	108	F
22-902	Gullmoli	283	48,3	31,4	3,0	4,2	107,4	7,8	8,5	8,7	8,6	8,7	18,0	8,4	8,0	8,4	85,0	119	118	99	126	108	110	101	112	F
22-915	Prúður	57	46,9	30,4	3,6	4,0	109,5	7,9	8,5	8,6	8,5	8,6	17,7	8,4	8,0	8,3	84,3	114	110	95	115	98	104	106	108	F
23-917	Kristall	222	49,2	29,9	3,3	4,1	109,6	7,8	8,6	8,7	8,5	8,7	17,7	8,2	8,0	8,4	84,6	97	108	98	122	109	111	109	108	F
23-918	Blær	288	47,3	30,4	3,2	4,1	110,4	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,6	8,2	8,0	8,3	84,1	101	111	96	128	107	112	114	111	F
23-919	Moli	295	48,6	32,2	3,0	4,3	108,3	7,8	8,7	8,7	8,7	8,8	18,0	8,3	7,9	8,4	85,4	128	124	99	123	110	111	104	115	F
23-920	Hreinn	433	48,4	30,9	3,3	4,1	109,4	7,8	8,5	8,7	8,6	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	84,6	105	112	100	119	109	109	110	110	F
23-921	Móði	100	48,1	30,4	2,7	4,1	110,3	7,7	8,4	8,7	8,6	8,6	17,5	8,1	8,0	8,3	83,9	100	111	114	115	112	105	108	108	F
23-924	Atlas	180	50,4	32,0	3,2	4,2	109,0	7,7	8,6	8,7	8,7	8,8	17,9	8,4	8,0	8,5	85,2	104	115	101	127	109	111	107	110	F
23-926	Steinn	261	49,6	31,4	3,1	4,1	107,9	7,9	8,7	8,8	8,7	8,8	18,0	8,2	8,0	8,4	85,3	123	117	100	130	108	107	102	114	F
23-928	Starri	153	47,3	29,1	3,3	4,0	109,9	7,8	8,5	8,5	8,4	8,6	17,5	8,1	8,0	8,3	83,8	94	92	98	120	111	111	106	106	F
MT. KOLLÓTTIR		2.596	48,6	30,8	3,2	4,1	109,1	7,8	8,5	8,7	8,5	8,7	17,8	8,3	8,0	8,3	84,5									
MT. ALLIR		6.178	48,1	31,2	3,2	4,2	108,7	7,9	8,5	8,7	8,6	8,7	17,8	8,1	8,0	8,3	84,5									

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 8. nóvember 2024

Stöð 2024-25: B=Borgarnes, S=Porleifskot, F=Fallinn





Lýsing: Svartarnhöfðóttur með gott hornalag. Frísklegur forystuhrútur.

Bakgrunnur: Að sögn fyrri eiganda, Jóns Gíslasonar á Hofi, er Jökull mjög meðfærulegur forystuhrútur. Einstaklega rólegur á húsi og sækir til kunnugra bæði úti og inni. Hann er ákveðinn og gefur til kynna sé honum ekki sinnt með klóri og kjassi. Fram að þessu hefur ekki reynt mikið á forystuhæfileika Jökuls utan dyra en hann leiddi þó ávallt hrútaþópin þegar þeir voru reknir til á heimabúi.


Freyja 18-854, móðir Jökuls, var höfð geld gemlingur en hefur síðan verið tvílembd utan einu sinni þrílembd. Að sögn Jökuls Gíslasonar á Álftavatni er Freyja mikil forystuær sem ætíð fer fyrir hópnum. Á stundum er fullmikil ferð á henni en hún skilar sér ævinlega í fyrstu leit í Hraunfirði. Hún er fremur spök þegar heim er komið en gerir sér mikinn mannámun, sækir á þá sem njóta hylli hennar en er varfærin við aðra nema helst ef góðgæti er í boði. Freyju mislíkar þrengsli og þegar krær og krubbur eru sópaðar fylgir hún manningnum því þar veit hún að rýmra er um hana.

Litaerfðir:

Fjalli 17-861, faðir Jökuls, var móflekktóttur þannig að næsta víst er að Jökull gefur alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).



Lýsing: Gráflekktóttur með skjannahvíta blesu. Gott hornalag og hornin skemmtilega tvílit.

Bakgrunnur: Ásta Fosadóttir fyrri eigandi gefur Kela og foreldrum hans eftirfarandi umsögn: "Keli hefur vökult auga og þrúðmannlega framkomu, er rólegur, yfirvegaður og athugull. Hann fer fyrir hópi lamba og leiðir en beygir sig fyrir fullorðnum forystuám, eins og best sæmir. Móðir Kela er úr gamalgróinni ræktun forystufjár í Höfða, hún er tignarleg, sjálfstæð og kvik á velli með ríka forystuhæfileika, hefur reynt mjög vel í löngum fjárrekstrum. Hún var tvílembd gimbrin og gekk með bæði lömbin, tvílembd síðan og passar vel upp á lömbin. Faðir Kela hefur gáfulegt augnaráð, er spakur og þægur í allri umgengni, hlýðir kalli og er sannkallaður konungur hrútasþilsins."

Grámann 23-547 faðir Kela er frá Fellsseli í Köldukinn en þar hefur ræktun forystufjár verið vel sinnt um árabíl.

Litaerfðir: Grámann 23-547, faðir Kela, er gráflekktóttur en hefur gefið alla liti. Mæja Sæm 21-080, móðir Kela, er svartflekktótt en bróðir Kela var móflekktóttur svo hún gefur einnig alla liti. Það eru því talsverðar líkur á að Keli geti gefið lömb í öllum mögulegum litum.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblandinn (AHQ//ARQ).

Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé

Leiðbeiningar um innleiðingu verndandi arfgerða



Þar sem hin verndandi genasamsæta ARR hefur fundist í íslensku sauðfé og rannsóknir hafa sýnt fram á að kindin okkar býr yfir fleiri mögulega verndandi breytileikum hafa bændur fengið öflug vopn í hendurnar til að sigrast á riðuveikinni.

Ræktun gegn riðu - Landsáætlun

Mörkuð hefur verið sameiginleg stefna bænda og stjórnvalda í „Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárríðu“. Framkvæmdin byggir á því að valið verður markvisst fyrir verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerðum. Lykillinn að markmiðinu um riðulaust Ísland er að allir sauðfjárnætur landsins taki virkan þátt.

Bændur ættu að leggja áherslu á að taka inn verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, lækka hlutfall villigerðarinnar (hlutlausu arfgerðarinnar) sem hraðast og útrýma áhættuarfgerðinni. Á áhættusvæðum eru bændur hvattir til að fara hratt í að rækta arfhreina gripi fyrir verndandi arfgerðum þó það kosti hraða aukningu á skyldleikarækt tímabundið og hugsanlega einhverja eftirgjöf í helstu ræktunareiginleikum. Á öðrum svæðum geta bændur stigið varlegar til jarðar með tilliti til skyldleikaræktar þannig að virkri stofnstærð sauðfjárnæturinnar í heild verði ekki ógnað.

Riðuveiki

Riða er banvænn og ólæknandi taugahrörnunarsjúkdómur í sauðfé sem hefur greinst reglulega á Íslandi. Veikin er smitandi prionsjúkdómur og orsakast af afbrigðilegu formi prion-próteinsins (PrP). Arfgerðir PrP-próteinsins hafa áhrif á næmi kinda gagnvart riðu sem er forsenda þess að hægt er að beita markvissu ræktunarstarfi í baráttunni við sjúkdóminn.

Markmið fyrir áhættubæi:

Að innleiðingin gangi sem hraðast. Að haustið 2024 beri >50% kynbótahrúta V arfgerðir og haustið 2025 beri >25% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerðir og restin V eða MV.


Markmið fyrir aðra bæi í áhættuhólfum:

Að haustið 2024 beri >25% kynbótahrúta V arfgerðir og haustið 2025 beri >50% kynbótahrúta V (a.m.k. 25%) eða MV arfgerðir.

Markmið fyrir landið allt utan áhættuhólfa:

Að eftir 10 ár, haustið 2034, muni >50% fjár í öllum hjörðum bera V eða MV arfgerðir. Eftir 20 ár, haustið 2044, muni >90% fjár í öllum hjörðum bera V og MV arfgerðir.

Sætin sex sem tengjast þoli gegn riðu í íslensku sauðfé



Príon genið

Í íslensku sauðfé finnast breytileikar í 6 sætum á PrP-geninu sem hafa áhrif á næmi kinda fyrir riðu. PrP-genasamsætan eða arfgerðin er táknuð með bókstöfum sem vísa í upphafsstafi þeirra amínósýra sem koma fyrir í ákveðnum sætum prion-próteinsins.








Hér á landi hefur verið notast við þriggja-sæta skammstöfun en ef finnst breytileiki í sætum 137, 138 eða 151 er fjórða sætinu bætt við.

Hefðbundin framsetning á PrP-arfgerð er að gefa upp amínósýrur í sætum 136, 154 og 171 en stökkbreytingar eða breytileikar í þeim sætum eru nýttir í ræktunarstarfi víða um heim og m.a. hjá löndum Evrópusambandsins.

Villigerð PrP-gensins er því táknuð ARQ.

Næmi PrP-arfgerða fyrir riðusmiti – flöggin

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum (nóvember 2023), um næmi arfgerða í íslensku sauðfé hafa verið settar fram skilgreiningar á næmi genasamsætanna. Skilgreiningarnar byggja á eldri rannsóknum, nýjum rannsóknum á gömlum riðuhjörðum og PMCA næmiþrófunum.

Flögg í Fjávís	Heiti gena-samsætu	Næmi	Tíðni samsætu í fjárstofninum framleiðsluárið 2024.	Hefur samætan fundist í riðujákvæðum kindum?	Niðurstöður PMCA næmi-rannsókna*.	Nánar
	ARR	Verndandi (V)	1,5% tíðni. Fyrst ein upphafshjörð, nú hafa fleiri fundist.	Já - Líklega 3 kindur í heiminum riðujákvæðar með ARR/ARR. Mjög sjaldgæft í arfblendnum kindum.	Mikil mótstaða.	Öruggasti kosturinn vegna áratugareynslu af notkun ARR í Evrópu. Eitlakerfið smitast aldrei og ljóst að þessir gripir geta ekki verið „heilbrigðir“ smitberar.
	AT ₁₃₇ RQ	Mögulega verndandi (MV)	0,5% tíðni. Nokkrar upphafshjarðir.	Líklega ekki. Hefur mikið verið rannsakað á Ítalíu. Ekki fundist í íslenskri riðukind.	Mikil mótstaða.	Reynist verndandi í fé á Ítalíu. Hefur heldur ekki fundist þar í eitlum kinda. Takmörkuð gögn um reynslu T137 hér á landi. Aðeins riðuneikvæðir T137 gripir hafa fundist í riðuhjörðum.
	AC ₁₅₁ RQ		0,6% tíðni	Já – 1 kind með C151/VRQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er marktækur munur á mótstöðu gripa meða C151/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripri.
	AHQ		9,3% tíðni	Já – 2 kindur, báðar með AHQ/ARQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er hámarktækur munur á mótstöðu gripa með AHQ/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripri.
	AN ₁₃₈ RQ	Lítið næm Veitir mótstöðu	5,2% tíðni.	Já - 12 kindur með N138/ARQ og 6 kindum með N138/VRQ (Ísland).	Minni mótstaða en R171, T137, C151 og H154.	Riðusmit hefur fundist í eitlum kinda sem bera N138. Rannsóknir á gömlum riðuhjörðum sýna þó að marktækt minni líkur eru á að kindur með N138/ARQ smitist en kindur með ARQ/ARQ.
	ARQ	Villigerð Næm	Algengasta genasamsætan. 80,4% tíðni.	Já – ARQ/ARQ er algengasta genasamsætan í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Rannsóknir sýna að gripir með ARQ/ARQ (áður kölluð hlutlaus arfgerð) séu næmir fyrir riðusmiti. Stefnt er að útrýmingu.
	VRQ	Áhætta Mjög næm	2,6% tíðni.	Já – Hlutfallslega mjög algeng í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Arfgerðir sem innihalda VRQ eru kallaðar áhættuarfgerðir. Flestar rannsóknir benda til þess að VRQ samsætan sé mjög næm fyrir riðusmiti. Stefnt að útrýmingu.

*Niðurstöður PMCA næmi rannsókna á íslenskum heilavefjum gagnvart íslensku riðusmiti

Næmi gripsins byggir á samsetningu samsætanna = arfgerðinni. Ef horft er á þetta út frá litum flagganna þá skiptir máli hver samsetningin er, þar sem allir gripir bera tvö flögg. Þannig að flöggin sýna hver arfgerð gripsins er. Í dag eru flestir gripir með tvö gul flögg (villigerð). Markmiðið þarf að vera að fækka gripum sem bera eingöngu gul flögg en til lengri tíma litið er stefnt að útrýmingu gulra flagga. Rauðu flöggum þarf að útrýma sem fyrst. **Á áhættusvæðum fyrir riðu ætti að leggja höfuð áherslu á hraða innleiðingu dökkgræna flaggsins (ARR).**

Arfgerðargreiningar

Arfgerðargreiningar þjóna lykilhlutverki við innleiðingu verndandi arfgerða. En hvaða gripi skal arfgerðargreina?

Hrútar - Grundvallaratriði er að allir hrútar sem eru notaðir til kynbóta séu valdir með hliðsjón af arfgerðargreiningum. Á fyrstu árum innleiðingarinnar verða flestir hrútar með verndandi arfgerðir í notkun arfblendnir og því **mikilvægt að fylgja eftir notkun á þeim með arfgerðargreiningu**, sérstaklega hrútlamba sem koma til greina til ásetnings. Þannig tryggjum við að réttu gripirnir séu settir á.



Gimbrar – Á þeim búum þar sem áherslan er að auka hlutdeild verndandi arfgerða í hjörðinni sem hraðast er æskilegt að greina einnig gimbrar við ásetningsval fyrstu árin.



Mikilvægt að vanda til verka við sýnatöku

Það er grundvallaratriði að **sýnanúmer** séu skráð á rétta gripi í Fjávís. Skila þarf **sýnalista** með sýnum til RML þar sem hann er varðveittur en mælt með því að bændur eigi afrit af honum sjálfir ef einhver mistök eða ruglingur á sér stað.

Genasamsætur og erfðir

Hver einstaklingur hefur tvær genasamsætur. Önnur kemur frá föður og hin frá móður. Á hvorri genasamsætu er hægt að búast við einum breytileika sem hefur áhrif á riðumótstöðu. Hver einstaklingur, sem er með þekktu PrP-arfgerð í Fjávís.is, er merktur með tveim flöggu - einu flaggi fyrir hvora genasamsætu.

Gripur greindur með ARR/ARQ fær flöggin  og  (hann er *arfblendinn*). **Helmingur afkvæma** gripsins munu því erfa ARR og hinn helmingurinn ARQ.

Gripur greindur með ARR/ARR fær flöggin  og  (þessi gripur er *arfhreinn* fyrir ARR genasamsættunni). **Öll afkvæmi** þessa grips munu erfa ARR og verða að minnsta kosti arfblendin fyrir ARR.

Breytileikarnir **hoppa ekki** yfir kynslóðir. Því skiptir ekki máli hvaða arfgerðir afinn og amman báru ef ljóst er hvaða arfgerðir foreldrarnir bera með arfgerðargreiningu.

Þar sem ekki er vitað hvort **afkvæmi arfblendinna** foreldra hafa erfð réttu genasamsættunna, **þarf að arfgerðargreina** þau til að fá úr því skorðið hvaða arfgerð þau bera.

Nokkur atriði varðandi ræktun gegn riðu Arfhreinir hrútar


Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að tryggja að eingöngu gripir sem bera lítið næmar eða verndandi arfgerðir séu settir á, er að nota hrúta sem eru **arfhreinir** fyrir **verndandi**, **mögulega verndandi** eða **lítið næmum** arfgerðum → Nota hrúta sem hafa *bara græn eða blá flögg*. Þá munu öll þeirra afkvæmi bera að minnsta kosti eina verndandi eða lítið næma genasamsætu.

Hrútanotkun og skyldleikarækt

Til að sporna gegn skyldleikaræktaraukningu í stofninum er mikilvægt að skipta ört út hrútum. **Sérstaklega á þetta við um innleiðingu ARR í sauðfjárstofninn þar sem upphafsgripirnir sem ræktað er út frá eru fáir.** Því er almennt mælt með að á **fyrstu árum** innleiðingarinnar sé hrútum skipt út árlega og lögð áhersla á notkun efnilegra lambhrúta.

Hvað á að gera við lömbin sem erfðu ekki ARR?

Í ljósi þess að í upphafi innleiðingar á ARR verður mikið framboð af hrútum sem eru **arfblendnir** fyrir ARR mun því helmingur afkvæma þeirra **ekki bera ARR**. Eindregið er mælt með að sá hluti hrúta sem ekki ber ARR sé **ekki nýttur til kynbóta**. Þetta er til að sporna gegn því að hlutdeild upphafshrútanna frá Þernunesi í stofninum verði meiri en þörf er á. Varðandi gimbrar af þessu kyni sem ekki bera ARR er mælt með að þær séu eingöngu settar á í undantekningartilfellum þegar um úrvalsgripi er að ræða.



Hver gripur / hvert afkvæmi getur aðeins borið tvo breytileika (tvö flögg). Undan tveim arfblendnum foreldrum er því von á fjórum mismunandi arfgerðum sem lömbin gætu borið.

Stuðningur og hvatagreiðslur

Gert er ráð fyrir þrennskona stuðningi við bændur í landsáætlun til að hvetja bændur áfram í ræktun gegn riðu.

- Stuðningi við arfgerðargreiningar
- Niðurgreiðslu á sauðfjársæðingum
- Hvatagreiðslum til áhættubæja vegna notkunar á hrútum sem bera **V/V, V/MV eða MV/MV** arfgerðir. Bændur á búum sem munu teljast áhættubú samkvæmt landsáætlun eru hvattir til að tryggja sér slíka hrúta.

Allir kynbótahrútar arfgerðargreindir

Æskilegt er að arfgerðir allra hrúta landsins sem settir eru á til kynbóta, séu þekktar. Kostnaður bónda við arfgerðargreiningu á vegum RML er 300 kr. án vsk, þegar búið er að draga frá hvatastyrk vegna ásetningshrúta (hrútar sem skráðir eru ásettir í Fjávís 13. desember 2024).

Gimsteinn

Ráðgjafarpakki um kynbætur og innleiðingu verndandi arfgerða

- Fundur bónda með ráðunaut þar sem áætlun búsins er rædd.
- Forsendur búsins skoðaðar og markmið sett um innleiðingu.
- Sviðsmyndir skoðaðar með tilliti til hraða innleiðingar og þörf fyrir arfgreiningar.
- Farið yfir helstu þætti tengda kynbótum, svo sem skyldleikarækt og erfðir.
- *Skráning og nánari upplýsingar á heimasíðu RML.*



Algengar spurningar

Hvernig get ég arfgerðargreint gripi í minni hjörð?

Tekið er vefjasýni úr eyra (myndband: www.tinyurl.com/synataka). Hylki til sýnatöku eru pöntuð á heimasíðu RML. Þegar sýni hafa verið tekin eru þau skráð á rétta gripi í Fjávís („Skráning“ og „forskráning sýnanúmer“). Þegar sýnin hafa verið tekin og forskráð skal senda þau til RML ásamt fylgiblaði sem fylgir sýnatökuhylkjum þar sem fram koma upplýsingar um númer sýna og gripi. Heimilisföng starfsstöðva RML þar sem tekið er við sýnum eru Hvanneyrargata 3, 311 Borgarnes og Höfðabakki 9, 4. hæð, 110 Reykjavík.

Hvað tekur langan tíma að fá niðurstöður úr arfgerðargreiningu?

Utan álagstíma er algengur tími 2 til 3 vikur.

Hvar sjást niðurstöður arfgerðargreininga?

Hægt er að sjá arfgreiningarflögg gripanna í „Gripalisti“ í Fjávís ásamt því að full greining birtist í yfirliti hvers og eins grips. Þá er hægt að fara í „yfirlit“ og velja „sýnaleit bænda“.

Af hverju skila niðurstöður arfgerðargreininga sér ekki í Fjávís?

Líklegar skýringar: Sýnanúmer vitlaust skráð, greiningaraðili vitlaust skráður eða sýnið ógreinanlegt. Fyrirspurnir er hægt að senda á dna@rml.is.

Á hvaða tímamarki ætti að taka sýni úr lömbum og senda til arfgerðargreininga?

Gott er að taka sýni úr lömbum sem líkleg eru til ásetnings á sauðburði. Einnig er hægt að taka sýni úr lömbum á haustin og senda til greiningar en þá þarf að gera ráð fyrir að minnsta kosti 2-3 vikna bið eftir niðurstöðum.

Er gagnlegt að arfgerðargreina fullorðnar ær?


Já. Fyrir þá sem vilja byggja hratt upp þolinn stofn er hjálp í því að kortleggja ærstofninn. Góð byrjun getur verið að taka fyrir ákveðinn árgang til að fá þversnið af hjörðinni.

Þarf að arfgerðargreina gripi undan foreldrum sem eru arfhreinir fyrir verndandi arfgerðum?

Ef báðir foreldrar eru arfhreinir fyrir ákveðinni genasamsætu er með öllu óþarft að greina afkvæmin en Fjávís getur þá kveðið upp greininguna. Ef annað foreldrið er arfhreint, til dæmis ef faðirinn ber ARR/ARR, er hægt að treysta því að öll afkvæmin fái ARR frá honum og séu því að lágmarki arfblendin. Því ætti ekki að þurfa að greina nema takmarkaðan hóp lamba þegar notaðir eru arfhreinir hrútar og þá aðeins til að komast að því hverju móðirin hefur skilað.

Þarf að arfgerðargreina gripi sem fá „Fjávís greiningu“?

Nei. Athuga ber þó að sumir gripir hafa ekki fengið greiningu fyrir öll sex sætin og því getur Fjávís greining á afkvæmum þeirra verið takmörkuð við ákveðin sæti.



Öll afkvæmi arfhreina foreldra erfa genasamsætuna.
Til að rækta hrúta sem gefa eingöngu verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir þarf að para saman foreldra sem búa yfir a.m.k. einni verndandi eða mögulega verndandi genasamsætu (að báðir foreldrar hafi a.m.k. eitt grænt flagg).

Þegar sýni eru arfgerðargreind, er þá einnig hægt að skoða hvort kindin sé riðuveik?

Nei.

Getur riða borist með sæði?

Nei – aldrei hefur verið sýnt fram á það.

Þarf að lóga gripum með áhættuarfgerðina?

Lömb sem bera VRQ genasamsætuna ætti ekki að setja á. Ef í ljós kemur að fullorðnar ær beri VRQ skiptir máli hver hin genasamsætan er sem gripurinn ber (ARQ eða VRQ eru óæskilegar), hversu margir næmir gripir eru í hjörðinni og hvar hjörðin er staðsett með tilliti til riðuáhættu. Í sumum tilfellum væri æskilegt að taka slíka gripi úr framleiðslu.

Hvort ætti ég að sæða með ARR-hrútum eða hrútum með aðrar verndandi arfgerðir?


Á mestu áhættusvæðum með tilliti til riðu ætti að leggja aðaláherslu á ARR og fylla upp í með öðrum mögulega verndandi arfgerðum.

Mitt bú er ekki á riðusvæði. Þarf ég að innleiða verndandi arfgerðir?

Já, það er lykिलinn að árangri – engin svæði eru óhult. Sérstaklega er mikilvægt að bú sem selja kynbótafé komi inn af krafti strax. Í landsáætlun um útrýmingu riðu eru sett markmið um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða á landinu öllu utan áhættusvæða, meðal annars annars þessi:

- **Haust 2032** - 100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV (tvö græn flögg).
- **Haust 2034** - >50% fjár í hverri hjörð ber V eða MV arfgerð (a.m.k. eitt grænt flagg).

Á þínu svæði er óhætt að fara hæggar í að leggja eingöngu áherslu á ARR, heldur nýta einnig gripi með mögulega verndandi arfgerðir til að forðast of mikla skyldleikarækt.



Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag. Jafnvaxinn og dugnaðarlegur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og aðeins gulur í hnakka á dindli og fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Lási 19-904 er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk allnokkra notkun á sínum fyrsta vetri og tæplega 60 lambhrútar og hátt í 100 gimbrar komu til dóms undan honum. Lömb undan honum eru rétt um meðaltal fyrir bakvöðva og stígum. Þar sem hann kom inn á stöð sem alhliða sterkur kynbótahrútur verður spennandi að sjá hvernig dætur hans munu standa sig í framtíðinni. Fallþungi sláturlamba undan Lása er rétt undir meðaltali stöðvahrútanna, en þau vógu 18,3 kg. Gerðarflokkun afkvæma hans er góð, 70% lamba flokkast í E og U, þar af 13% í E.

Dætur Lása á Breiðabólstað voru ágætlega frjósamar eða um og yfir meðaltali búsin. Árið 2023 voru 18 dætur með 5,18 afurðastig.



Litaerfðir: Lási er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít en móðir hans er hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-48-109-31/3,2/4,5-8,0-8,0-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=83,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2024

Fjöldi	58
Þungi	47,6
Fótleggur	108,3
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	2,9
Lögun	4,3



Lýsing: Hvítur hyrndur. Holdgróinn, jafnvaxinn og harðholda hrútur með úrvalsgóð lærahold. Mikill glæsigripur. Fótleggur 117 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið hrokkið og fremur fínt. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Kátur 20-905 er að hefja sitt annað ár á stöð. Hann fékk allmikla notkun síðasta vetur og komu rúmlega 160 lambhrútar og 280 gimbrar til dóms undan honum. Kátur er magnaður gerðarhrútur og var lambhrútaþapurinn undan honum hæst stigaður fyrir framtíð og læri að meðaltali og með þeim hæstu fyrir bak og malir. Hópurinn er með næstþykkasta bakvöðvann og lögun vöðvans mjög góð. Kátur er með stíghæstu lambhrútana að meðaltali, 86,3, sem er með því hærra sem sést hefur. Kátur á mörg úrvals hrútefni eftir haustið og margar glæsilegar og vel gerðar gimbrar. Hann er mjög hár í kynbótamati fyrir gerð og ómvöðva og er í hópi þeirra reyndu stöðvahrúta sem skarta hæstu heildareinkunn kynbótamats með 117 stig. Þau afkvæmi Káts sem enduðu í sláturhúsi flokkuðust mjög vel. Meðalfallþungi 18,7 kg, gerð 11,5 og fita 6,9, 85% þeirra flokkuðust í E og U, þar af 32% í E.

Dætur Káts á heimabúi eru mjög frjósamar og 2023 voru 12 dætur hans með 5,23 í afurðastig. Í vor áttu 2 veturgamlar dætur hans 2,0 lömb, 7 tvævetur með 2,0 lömb og 4 eldri ær með 2,25 lömb að meðaltali. Meðaltal búsin var 1,37 lömb hjá veturgömlum ám, 1,83 hjá tvævetlum og 2,04 hjá fullorðnum ám. Kátur stefnir hraðbyri í að vera alhliða góður kynbótahrútur.


Litaerfðir: Kátur er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-49-105-38/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2024

Fjöldi	161
Þungi	48,8
Fótleggur	107,6
Læri	18,2
Ull	8,1
Ómvöðvi	35,0
Ómfita	3,2
Lögun	4,4





Lýsing: Svartgolsbotnóttur hyrndur. Sívalur, bringubreiður, harðholda hrútur með mjög öflug lærahold. Fótleggur 114 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Togið fremur fínt, hrokkið en dálítið stutt. Pelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Böggull 21-911 er að hefja sitt annað ár á stöð. Hann fékk þó nokkra notkun á sínu fyrsta ári og eru skráðir dómar á 80 lambhrúta undan honum og tæplega 150 gimbrar. Synir Bögguls eru ágætlega þroskaðir, með góðar útlögur en holdfylling í lærum nokkuð breytileg. Þeir eru rétt undir meðaltali í bakvöðvabykk og heildarstigum. Þau afkvæmi Bögguls sem enduðu í sláturhúsi flokkuðust nokkuð vel. Meðalfallþungi 18,8 kg, gerð 10,4 og fita 7,5, 65% þeirra flokkuðust í E og U, þar af 17% í E.


Í vor áttu 4 veturgamlar dætur hans 0,75 lömb og 3 tvævetlur 2,0 lömb að meðaltali. Meðaltal búans var 1,22 lömb hjá veturgömlum ám og 1,80 hjá tvævetlum. Böggull stendur sterkur í kynbótamati fyrir dætraeiginleika.

Lambhrútaskoðun	2024
Fjöldi	80
Þungi	48,5
Fótleggur	107,5
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	29,9
Ómfita	3,3
Lögur	4,2

Lítaerföir: Böggull 21-911 er svartgolsbotnóttur og erfir því bæði golsótt og botnótt og gefur auk þess mórautt og tvílittt.


PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-56-105-32/4,2/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.



Yfirlit um helstu meðaltöl lambhrúta undan sæðingahrútum frá árinu 2003


Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðalþungi	Ómv.	Ómf.	Lögur	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9
2021	4.396	49,0	31,4	3,2	4,3	17,9	85,2
2022	3.764	47,8	31,3	3,1	4,3	17,9	85,2
2023	4.084	48,1	31,7	3,3	4,3	17,8	84,8
2024	6.178	48,1	31,2	3,2	4,2	17,8	84,5



22-913 FROSTI

frá Ásgarði, Hvammssveit.

H154
H154



MFFF: Burkni 13-951; MMMF: Knapi 07-868



22-913

Lýsing: Hreinhvítur krapphyrndur, fremur smágerður, aðeins þröngur um herðar en annars prýðilega vel gerður og harðholda. Fótleggur 116 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með fremur gróft tog en þykkt þel. Ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Frosti 22-913 er nú að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann fékk talsvert mikla notkun á sínum fyrsta vetri og eru skráðir dómar á 248 sonum hans. Þetta voru yfirleitt prýðileg lömb og voru vel yfir meðaltali sona stöðvahrútanna í þykkt og lögun bakvöðva. Að meðaltali eru synir Frosta í hópi með lambhrútum stöðvahrúta með hæst heildarstig. Þau afkvæmi Frosta sem enduðu í sláturhúsi flokkuðust vel. Meðalfallþungi 18,5 kg og 73% þeirra flokkuðust í E og U, þar af 25% í E. Frosti var upphaflega valinn á stöð vegna þess að hann er arfhreinn fyrir AHQ og lofaði góðu sem lambafaðir. Óhætt er að segja að útkoma afkvæma hans vítt og breitt um landið hafi staðist væntingar og rúmlega það. Tíu veturgamlar dætur Frosta heima í Ásgarði sýndu meðalfrjósemi nú í vor. Þær mjólkuðu vel því þær níu sem skiluðu afurðum eru með 5,38 afurðastig að meðaltali. Kynbótamatíð gefur til kynna að Frosti muni reynast sterkur alhlíða kynbótahrútur.

Litaerföir: Frosti er arblendinn botnóttur í A-sæti, gefur tvíllit og hreinhvít en ekki mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stígun: Lambsdómur er ekki til.

Lambhrútaskoðun	2024
Fjöldi	248
Pungi	47,2
Fótleggur	108,3
Læri	17,8
Ull	8,1
Ómvöðvi	33,5
Ómfita	3,3
Lögun	4,4



Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR


BRÝNSLUVÉLAR



**STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA**

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is





Lýsing: Hvítur, hyrndur. Sívalur og samanrekin hrútur með úrvals lærahold. (Fótleggur 116 mm).

Ullarlýsing: Örlítið af gulum hárum í hnacka en gul hár ekki sjáanleg að öðru leyti. Togið fremur gróft og slétt á síðum en hroknara og styttra í baki. Þelið þykkt og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar á vegum stöðvanna í Ytri-Skógum lágu fyrir í haust var ákveðið að falast eftir tveimur hrútum á stöð, þ.e. Faldi 23-937 og Garpi 23-936. Garpur stóð annar í heildareinkunn afkvæmarannsóknar í Ytri-Skógum en var efstur fyrir sláturlömb (lambhrúta). Meðaltal þeirra var 18,9 kg, 12,9 fyrir gerð og 6,2 fyrir fitu. Meðaltal afkvæmarannsóknarinnar í heild var 18,7 kg, 11,4 fyrir gerð og 6,4 fyrir fitu.



Yfirburðir Garps komu ekki jafn skýrt fram við ómmælingu og stigun en afkvæmahópur hans raðast þó með þriðju hæstu einkunn í þeim hluta rannsóknarinnar. Garpur er með gott kynbótamat en heildareinkunn hans er 114 stig og hann því lofandi kynbótahrútur. Við val á Garpi var einnig horft til þess að hann er arfhreinn fyrir arfgerðinni AHQ og skilar því AHQ-genasamsætunni til allra afkvæma sinna.

Móðir Garps, Snögg 22-517, er ung og því lítil reynsla komin á hana. Hún var einlembd gemlingur (Garpur ásettur) og tvílembd tvævetla (tvær gimbrar seldar). Hún fékk 8,5 í afurðaeinkunn fyrir síðasta ár. Uppgjör fyrir 2024 er óuppgert.

Litaerföir: Garpur er arfblendinn hvítur. Undan honum komu bæði grá og svört lömb sl. vor en engin tvílit lömb komu fram.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2023-53-105-36/4,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=88,5 stig.



Lýsing: Svartgolsóttur, hyrndur með fremur krappt hornlag. Fróði er ekki þroskamikið lamb en nokkuð jafnvaxinn og dável holdfylltur.

Ullarlýsing: Togið meðallangt og fínt. Þelið þokkalega þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullin er ekki mikið gul miðað við golsóttan lit. Úrvalsgóður svartgolsóttur litur.

Bakgrunnur: Fróði er í hópi þeirra fimm hrúta sem teknir voru inn á stöðvarnar í haust frá Vífilisdal (um Vífilisdal er fjallað í umsögn um Vörð 23-940 á bls. 45). Hann er sá eini þeirra sem er vel hyrndur enda komin af hyrnu fé. Fróði er fjarskyldur ættingi Varðar 23-940 en sameiginlegur forfaðir þeirra er Golsi 02-346 frá Háafelli sem væntanlega hefur gefið þeim báðum ARR samsætuna. Gandálfur faðir Fróða hefur mikið verið notaður í Vífilisdal og reynst prýðilegur lambafaðir. Móðurfaðir Fróða er Frontur 17-145 frá Hlíð í Hörðudal, sonarsonur Dúdda 14-699 frá Ósi sem var afburða lambafaðir og átti marga góða syni.

Móðir Fróða, 19-473, skilaði einu lambi veturgömul og verið tvílembd eftir það. Hún stendur með 4,5 afurðastig en uppgjör fyrir 2024 er ólokið.

Fróði er arfblendinn fyrir ARR og AHQ og skilar því göðum genum til allra afkvæma sinna.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerföir: Faðir Fróða, Gandálfur 21-445, er grár en hann hefur skilað miklu af tvílítum lömbum enda sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti. Svartgolsóttu litinn fær Fróði hins vegar úr móðurættinni því móðurmóðir hans skartaði þeim lit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2024-45-110-30/2,4/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,0-8,0-8,0-8,0=82,5 stig.





24-945 HEGRI

frá Ríp I, Hegrnesi.



Lýsing: Gulkolóttur, öngulhyrndur. Útlögumikill og breiðvaxinn hrútur með góð lærahold. Fremur bollangur og jafnvaxinn.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnacka, á fótum og dindli. Talsvert af gulum hárum í reyfi, einkum aftan til. Togið fremur langt, liðað og fínt. Þelið nokkuð þykkt og hrúturinn fremur ullarmikill.

Bakgrunnur: Hegri 24-945 frá Ríp (nánar um Ríp í umsögn um Ósmann 24-968 á bls. 47) er sonur Kristals 23-917 frá Árbæ en af hyrndu fé kominn í móðurætt. Af öflugum heimahrútum sem að honum standa í móðurættinni má helstan nefna Framu 11-250 sem á sínum tíma sýndi mikla yfirburði sem lambafaðir í afkvæmarannsóknum á Ríp. Fáir hrútar á landinu gerðu þá meira útslag í slíkum samanburði.

Móðir Hegra, 20-070, var einlembd gemlingur en síðan tvilembd. Hún er með 6,1 afurðastig fyrir þrjú ár en haustþjögur fyrir 2024 liggur ekki fyrir. Móðurmóðir Hegra, 16-626 var felld nú í haust. Hún var einlembd gemlingur en síðan ætíð tvilembd þar til að í vor að hún kom með eitt. Hún er með 7,4 afurðastig fyrir sjö ár og hefur skilað öllum sínum lömbum til nytja með meðalgerð sláturlamba upp á 12,3.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Talsverðar líkur eru á því að Hegri reynist arfblendinn hvítur þar sem báðir foreldrar hans voru þannig hvítar kindur og erfðu frá sér alla liti.


PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-52-1110-33/4,0/4,0-7,5-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-9,0=86,0 stig.



8

Besta bankaappið átta ár í röð!



Lýsing: Hvítur, öngulhyrndur. Sandur er breiðleitur og allur breiðvaxinn. Langvaxinn holdahnaus.

Ullarlýsing: Gul eða svört hár fundust ekki í ullinni. Togið í meðallagi langt og fínt. Þelið fremur þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Móðir Sands, 21-906, var einlembd gemlingur en síðan tvílembd. Hún er með 5,4 afurðastig fyrir tvö ár en haustuppgjör fyrir 2024 liggur ekki fyrir. Að baki Sandi 24-948 standa ákaflega vel gerðir hrútar í móðurættinni. Imbi 20-651 móðurfaðir hans var glæsilegt lamb með 88,5 stig í heildina, 38 mm bakvöðva og 5 í lögum. Imbi var sonar Kassa 19-635 sem var frábærlega gerður sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Kassi mældist með 41 mm bakvöðva og fékk 5 fyrir lögum. Hann fékk 19 fyrir læri og 88 stig í heildina.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Faðir Sands, Stein 23-926, var svartur og því er Sandur arfblendinn hvítur. Hvort hann erfir jafnframt tvílit leiða afkvæmi hans í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stígun: 2024-54-106-36/2,8/4,5-7,5-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hornin aðeins krappvaxin. Brimill er samanrekinn holdaköggull með úrvals lærahold.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið aðeins stutt í baki en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Kópavatn 2 er nýr bær með hrúta á stöð og koma tveir hrútar inn á stöð í haust, Brimill og Selur 24-958 sem er á Suðurlandsstöðinni. Féð á Kópavatni er að upplagi frá Haukholtum I í Hrunnannahreppi. Öflugt ræktunarstarf hefur verið stundað á Kópavatni bæði með sæðingum og aðkeyptum ræktunargripum.

Faðir Brimils, Harri 23-014, kom feykilega vel út sem lambafaðir í haust. Nánar er getið um hann í umsögn um Sel 24-958 á bls. 16, en Selur og Brimill eru samfeðra.

Móðir Brimils, 18-303, er mjög öflug ær. Hún var einlembd gemlingur og síðan ávallt verið tvílembd. Meðaltal tíu sláturlamba undan henni er fallþungi 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 13,1 og einkunn fyrir fitu 7,8. Hún er með 5,1 í afurðastig fyrir 6 ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Faðir Brimils, Harri 23-014, er arfblendinn hvítur og gefur tvílit en ekki hafa komið mórauð lömb undan honum. Móðir Brimils hefur eingöngu átt hvít lömb. Brimill er mögulega arfblendinn hvítur en skilar örugglega hreinhvítum lömbum gefi mæður þeirra kost á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stígun: 2024-48-105-37/2,3/5,0-7,5-9,0-9,0-9,5-9,5-19,0-7,5-8,0-8,0=87,0 stig






KERRUR OG VARHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur. Frampartur ákaflega breiður og sívalur. Skrokkurinn allur holdgróinn og lærvöðvinn ákaflega vel lagaður. Öflug holdakind.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka, á fótum og dindli. Talsvert er af gulum hárum aftan til í reyfi. Togið stutt og slétt. Þelið í meðallagi þykkt. Ullin stutt á baki og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Pistill var valinn inn á sæðingastöð sem glæsilegur einstaklingur og arfberi ARR. Hann er einn af mörgum feikiöflugum sonum Birkilands 23-927 sem stigaðir voru í haust.

Móðir Pistils, Vagga 20-529, er úrvalsær. Hún hefur alltaf verið tvílembd, líka gemlingsárið og gekk þá með bæði lömbin. Árin 2023 og 2024 voru bæði lömbin sett á hrútur og gimbur í hvort skipti. Dóttirin 23-621 var tvílembd í vor og Loftur 23-076 átti 18 sláturlömb, með 20,8 kg meðalfallþunga, gerðareinkunn 12,3 og fitueinkunn 7,6. Gimbrin á móti Pistli vög 50 kg þegar hún var dæmd og mældist með 37 mm þykkun bakvöðva. Vagga, móðir Pistils, hefur 6,7 afurðastig fyrir þrjú ár en afurðir ársins 2024 eru óuppgerðar.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Miklar líkur eru til að Pistill reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-55-105-38/2,3/5,0-7,5-9,0-9,5-9,5-9,0-19,0-7,5-8,0-9,0=88,0 stig.



Lýsing: Hvítur, fremur stórhyrndur. Herðar aðeins grófar en vel holdfylltar. Útlögur miklar. Malir breiðar og lærvöðvar kúptir og lokar klofi þrýðilega. Bollengd í góðu meðallagi. Föngulegur hrútur.

Ullarlýsing: Talsvert svartdrófnöttur á haus en svört eða gul hár fundust ekki í reyfi. Togið nokkuð langt og fremur gróft. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi en ullarfar jafnt og falllegt.

Bakgrunnur: Karri 24-953 er fyrsti hrútur frá Hreiðri sem kemur inn á stöð. Segja má að Hreiður og Raftholt séu með sama fjárstofninn í grunninn. Báðir fjárstofnarnir eru afurðamiklir og þrautræktaðir. Sömu hrútar eru notaðir á þessum búum enda eru Karri og Arfur 24-954 sem er á stöðinni á Suðurlandi báðir undan Arra 23-116 frá Raftholti. Arri kom feiknavel út sem lambafaðir í haust og skilaði mörgum spennandi hrútsefnum. Karri er arfblendinn með verndandi ARR og mögulega verndandi AHQ og skilar því góðum genum til allra afkvæma sinna.

Móðir Karra, 20-070, var einlembd gemlingur og tvævetla og síðan tvílembd tvisvar. Í kynbótamati er hún með 116 fyrir mjólkurlagni og 120 fyrir gerð. Hún hefur 7,8 afurðastig fyrir tvö ár en haustuppgjöri 2024 hefur ekki verið lokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Líklegast er að Karri reynist arfhreinn hvítur en móðurfaðir hans, Bani 18-149, var þó arfblendinn og gaf svartbotnött.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir; arfblendinn (AHQ//ARR).

Mál og stigun: 2024-55-109-37/3,7/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=87,0 stig.





Kubota

**Kubota er eins og
sniðin fyrir íslenskan
landbúnað**




Skannaðu mig



PÓR H

Reykjavík Selfossi og Akureyri
568-1513, 568-1559 og 568-1556



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með mjög dökk horn. Frampartur víður og sívalur. Mjög öflug mala- og lærahold. Þéttholda hrútur með góða bollengd.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum og dindli. Talsvert af gulum hárum víða í reyfi. Togið slétt og gróft. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Brattsholtféð er í grunninn fé frá Tóftum í Stokkseyrarhreppi hinum forna. Þaðan komu öflugir hrútar á stöð á árum áður eins og Mjaldur 93-985 og Peli 94-810. Brattsholtstféð einkennist af góðum vænleika og afbragðsgóðri gerð. Búið hefur staðið eftir á kjötmatslista RML með fleiri en 100 lömb síðustu þrjú ár fyrir bestu gerð sláturlamba. Árið 2023 var fallþungi 20,03 kg, einkunn fyrir gerð 12,8 og einkunn fyrir fitu 8,0.

Móðir Hólmsteins, Hrefna 22-180, fer vel af stað. Hún var einlembd gemlingur og tvílembd tvævetla. Hún skilaði afburðalambi gemlingsárið, fallþungi þess var 27,5 kg og fór í E3+. Gimbrin á móti Hólmsteini er væn og vel gerð gimbur og er sett á. Hrefna hefur 7,3 afurðastig fyrir eitt ár en ekki hefur verið gert upp árið 2024.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Hólmsteinn er arfblendinn hvítur þar sem Hrefna, móðir hans, er svört. Díla, móðir hennar, var svartfleckótt og bar einnig erfðavisi fyrir mórâuðum lit þannig að nokkrar líkur eru á að Hólmsteinn geti gefið alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-54-107-34/4,8/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig.



Lýsing: Hvítur, fremur grófhyrndur með gott hornalag. Skrokkurinn þrýðilega holdfylltur, lærvöðvi kúptur og lokar klofinu vel. Nokkuð jafnvaxinn og í meðallagi bollangur. Snotur hrútur og fremur fagaður að gerð.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið hrokkið í meðallagi langt og fremur mjúkt. Þelið í þynnra lagi. Ullin svolítið stutt á baki, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Í Bruna 24-957 blandast Brúnastaða- og Teigsfé. Auk þess að hafa sterkar ættir á bakvið sig og vera vel gerður einstaklingur var horft til þess að Bruni er arfblendinn fyrir ARR og breytileikanum C151. Mun hann því skila annaðhvort verndandi eða mögulega verndandi genasamsætu til allra afkvæma sinna.

Móðir Bruna, 18-855, er endingargóð ær. Hún var einlembd gemlingur og tvævetla og hefur síðan verið þrisvar þrílembd og einu sinni tvílembd. Bruni er fæddur þrílembingur. Hún er með 3,8 afurðastig fyrir fimm ár, en þess skal geta að hún hefur verið einspena um nokkurt skeið, eftir að hún gekk eitt sinn með þrjú lömb. Haustuppgjör fyrir árið 2024 liggur ekki fyrir.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Líklegt er að Bruni sé arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir; arfblendinn (AC₁₅₁RQ//ARR).

Mál og stigun: 2024-54-104-31/3,1/4,0-8,0-9,0-9,5-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,5 stig





Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaða, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst - skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni



20-906

Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur með svipmikinn haus. Jafnvaxinn og mjög bollangur hrútur með frábær lærahold. Fótleggur 121 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið liðað en fremur gróft. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Fáli 20-906 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann fékk dálitla notkun síðastliðinn vetur og hafa verið skráðir dómar á 57 syni hans. Þeir eru næsthæstir í heildarstigum af sonum stöðvahrúta. Þetta eru mjög jafnvaxin lömb en þeirra helstu yfirburðir liggja í mjög öflugum afturparti. Hópurinn skorar einnig hátt fyrir ull. Dætur Fála hlutu hæstu heildareinkunn gimbra hjá afkvæmum stöðvahrútanna þetta haustið. Fáli hefur því fyllilega staðið undir væntingum sem lambafaðir þegar horft er til mats á lifandi lömbum. Upplýsingar um kjótmát afkvæma hans nú í haust draga ekki upp jafn glæsilega niðurstöðu. Fallþungi er 18,7 kg, gerð 9,9 og fita 6,7, 58% lambanna flokkast í E og U, þar af 6% í E. Miðað við niðurstöður mats á lifandi lömbum má ætla að fremur stór hluti afkvæma Fála hafi verið valinn til ásetnings og niðurstöður slátrambahópsins því lakari en ella. Þrjá fullorðnar dætur Fála heima í Hægindi áttu að meðaltali 2,0 lömb nú í vor og átta tvævetlur áttu að meðaltali 2,13 lömb.



Litaerfðir: Fáli er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2020-56-111-34/2,8/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=89,0 stig

Lambhrútaskoðun 2024

Fjöldi	57
Þungi	48,8
Fótleggur	108,1
Læri	18,0
Ull	8,5
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	3,2
Lögun	4,2



22-938

Lýsing: Svartur, kollóttur. Frampartur sívalur og breiður, bakið breitt og holdfyllt. Mjög góð lærahold. Lang- og breiðvaxin holdakind. Aðeins útskeifur á framfæti. (Fótleggur 118 mm).

Ullarlýsing: Hélusvartur með fremur slétt og meðallangt tog. Þelið nokkuð þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Bónus 22-938 var falaður fyrir sæðingastöðvarnar sem góður kynbótagriður sem jafnframt er arfhreinn fyrir hina mögulega verndandi genasamsætu AHQ. Hann tók þátt í afkvæmarannsókn sæðingastöðvanna sem gerð var á heimahrútum í Skarðaborg. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan honum var 18,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 5,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og einkunn fyrir fitu 6,0.

Þrátt fyrir að í Skarðaborg sé megnið af hjörðinni af hyrndum stofni finnst þar ágætir kollóttir gripir. Faðir Bónusar er kaupahrútur frá Broddanesi en móðir hans er blendingur af hyrdu og kollóttu fé. Móðurfaðir hans er Móri 13-982 frá Bæ. Móðurmóðir Bónusar er hins vegar af hyrdu kyni en á bakvið hana standa Grámann 10-884 frá Bergsstöðum og Gumi 09-880 frá Borgarfelli.


Bónus fer vel á stað sem ærfaðir, en fjórar dætur hans voru í afurðauppjöri búans fyrir árið 2024. Þær eru vel yfir meðaltali búans bæði fyrir frjósemi og afurðir, með 5,45 afurðastig að jafnaði.


Móðir Bónusar, Ógó 19-224, var tvílembd sem gemlingur en eftir það hefur hún einu sinni verið þrílembd en annars tvílembd. Hún stendur með 6,7 afurðastig eftir 5 ár.

Litaerfðir: Bónus gefur alla liti og tvíliti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2022-42-103-31/1,9/4,5-8,0-9,0-8,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig





23-940 VÖRÐUR

frá Vífilsdal, Hörðudal.

R171



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Þéttvaxin og gerðarleg kind. (Fótleggur 116 mm)

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið nokkuð langt og liðað. Þelið þokkalega þykkt og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Vörður 23-940 komst á spjöld sögunar þegar uppgötvæðist að hann bæri ARR genasamsætuna. Þar með var fundin ný ættarlína, svokölluð Dalalína, sem ber ARR. Við frekari leit í Vífilsdal og á tengdum búum fundust fleiri arfberar ARR en allir átta þeir það sameiginlegt að vera afkomendur Golsa 02-346 frá Háafelli, sem var hyrndur hrútur, en Vörður er afkomandi hans í fjórða ættlið.

Vörður var á sínum tíma valinn sem ásetningshrútur í Vífilsdal sökum eigin ágætis en þá var ekki vitað að hann bæri ARR. Hann er prýðilega gerð kind og álitlegur allhiða kynbótahrútur eins og kynbótamat hans gefur til kynna. Haustuppgjöri í Vífilsdal er ekki lokið en fyrir liggja upplýsingar um 18 sláturlömb undan Verði. Meðal-einkunn þeirra fyrir gerð er 10,0, einkunn fyrir fitu 7,2 og meðalfallþungi 18,2 kg. Útlit er fyrir að hann sé nokkuð yfir búsmæðaltali bæði fyrir gerð og fallþunga. Á sæðingastöðvunum eru nú fimm hrútar frá Vífilsdal og mun það vera í fyrsta sinn sem þessi bær er kynntur til sögunar í hrútaskrá. Vífilsdalur er í botni Hörðudals í Dalasýslu. Fjárþúskapur þar á sér langa sögu og þar er rekið myndarþjúbú sem skilað hefur góðum afurðum. Núverandi fjárstofn byggir á fjárskiptafé sem tekið var 1964 í kjölfar niðurskurðar vegna mæðiveiki. Í Vífilsdal kom aðallega fé úr Hrútafirði, frá bæjunum Bálkastöðum, Brandagili og Melum. Sæðingar hafa verið mikið nýttar í Vífilsdal og einnig keyptir inn gripir. Gullbrá 16-189 móðir Varðar hefur verið frjósöm og afurðasöm, nema fyrsta árið en sem gemlingur lét hún. Eftir það hefur hún þrisvar verið tvílembd og fjórum sinnum þrílembd. Vörður er fæddur þrílembingur. Gullbrá var þrílembd í vor, þá 8 vetra gömul. Hún er með 6,9 afurðastig eftir 6 ár en uppgjör fyrir 2024 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Vörður er arfblendinn og hefur gefið dökka liti og tvílit en ekki mórætt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-50-107-33/4,2/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=86,5 stig.



STAMPAR

FYRIR ÞITT SAUÐFÉ!



LIFELINE - Lömb og ær



- Betri broddmjólk
- Hraustari lömb
- Óerfðabreytt

LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Sauðfjárstampur



Alhliða sauðfjárstampur – sérframleitt fyrir íslenskt sauðfé. Hentar fyrir fé á öllum aldri, allan ársins hring. Uppfyllir steinefna/snefilefna/vítamín þarfir gripanna. Hagstætt hlutfall af kalsíum, magnesíum og fosfór.

Orkustampur



Orkustampur er steinefnastampur sem er sérhannaður til að auka orku og meltanleika. Bætir einnig upp efnaskort.

Steinefnablanda



Steinefnastampurinn hentar jafnt úti sem inni, enda er innihaldið sérstaklega veðurþolið. E-Vítamín ríkur.



23-941 FASTUS

frá Möðruvöllum 2, Hörgárdalur.

H154

T137

VIVALDI 22-717

FÓA 17-736

HNÍKAR 21-706 ~ VALLA 21-009

GERI 16-575 ~ FLASKA 16-268
frá Heydalsá I og 3

FMFF: Glámur 16-825, MMFF: Ebiti 13-971, MMMF: Radix 10-931



Lýsing: Hvítur, stórhnyflóttur. Breiðvaxinn hrútur. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Langvaxin og myndarleg kind. (Fótleggur 120 mm).

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið í meðallagi langt og fremur fint. Þelið þykkt. Fremur ullarmikill og ullargóður hrútur.

Reynsla: Fastus 23-941 er valinn á sæðingastöð sem álitlegur fulltrúi fyrir hina mögulega verndandi genasamsætu T137. Fastus er fyrsti hrútur stöðvanna sem ber T137 af þessari ættarlínu, en á Möðruvöllum fannst þessi breytileiki í nokkrum kindum. Fastus fær T137 frá FMM, Æðey 19-469, en ekki hefur verið hægt að rekja hvaðan hún fékk þennan breytileika. Líklega kemur hann úr gömlum ættum innan úr Hörgárdal en Æðey rekur ættir sínar m.a. í nokkrar hjarðir þar í sveit.

Fastus er þó nokkuð blandaður af hyrndum og kollóttum ættarlínum en kollótt Strandafé hefur þó yfirhöndina í hans ættartré, m.a. í gegnum kauphrúta frá Smáhörmrum og Heydalsá. Þessi hrútur ætti því að vera ágætur valkostur til að ná T137 inn í kollótta stofninn.


Fastus stóð sig þrýðilega sem lambafaðir í haust. Átti 38 lömb með sláturupplýsingar, meðaleinkunn fyrir gerð 10,2, fitueinkunn 7,2 við 20,6 kg fallþunga og var hann nokkuð yfir búsméðaltali.

Fóa 17-376, móðir Fastusar, er farsæl afurðarær. Hún hefur alla tíð verið tvílembd, skilað 5 lömbum sem sett hafa verið á og einkunn hennar fyrir holdfyllingamat sláturlamba er 13,5. Hún hefur 6,4 afurðastig eftir 5 ár.

Litaerfðir: Arfblendinn hvítur, gefur dökka liti og tvílit en væntanlega ekki mórault.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AT₁₃₇RQ//AHQ).

Mál og stigun: Lambsdómur er ekki til.



24-961 ELLIÐI

frá Heydalsá I (Ragnar og Sigríður), Tungusveit.

R171

R171

GEISLI 23-343
frá Miðdalsgröf

23-384

GULLMOLI 22-902 ~ BLOSSÍNA 20-604
frá Þernunesi frá Broddanesi I

HORNSTEINN 22-901 ~ 20-074
frá Þernunesi frá Broddanesi I



Lýsing: Hvítur, smáhnýflóttur. Breiðvaxinn með ákaflega öflug mala- og lærahold. Bollengd í meðallagi. Þéttvaxin kind.

Ullarlýsing: Ljósugulur á afturfótum og dindli. Gul hár finnast aftan til í reyfi. Togið í meðallagi langt og nokkuð hrokkið. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Elliði 24-961 er einn af þremur arfhreinum ARR hrútum sem fengnir voru á sæðingastöð þetta haustið. Hrúturinn hentar því vel til kynbóta þar sem stefnt er að hraðri innleiðingu ARR. Elliði er sonur Geisla frá Miðdalsgröf en Geisli er undan á frá Broddanesi. Geisli var mikið notaður í Miðdalsgröf á síðasta ári og fékk glæsilega niðurstöðu í haust. Samkvæmt niðurstöðum afkvæmarannsóknar í Miðdalsgröf stendur Geisli eftur. Hann á 20 sláturlömb sem hlutu 13,4 í gerðareinkunn, 7,9 í fitu við 19 kg fallþunga. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,8 og einkunn fyrir fitu 7,7.

Móðir Elliða, 23-384, er undan ári 20-074 frá Broddanesi og er Elliði því systursonur Eilífs 24-962. Ærin 23-384 var tvílembd í vor en lauk þar ævi hennar og ólst því Elliði upp hjá fósturmóður.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Elliði sé arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2024-48-106-30/2, 1/4, 0-7, 5-9, 0-9, 0-8, 5-9, 0-18, 5-8, 0-8, 0-8, 5=86,0 stig





Lýsing: Hvítur, kollóttur. Langvaxinn hrútur með öflug lærahold. Föngulegur á velli. Örlítið útskeifur á framfæti

Ullarlýsing: Smádröfnóttur á eyrum og haus. Ljós gulur í hnakka, á fótum og dindli. Örfá gul hár fundust aftast í reyfi. Togið í meðallagi langt og hrokkið. Þelið þykkt. Ullarmikill hrútur.

Bakgrunnur: Eilífur 24-962 er einn af fjórum sonum Mola 23-919 frá Miðdalsgröf sem komu inn á stöðvarnar í haust, í kjölfar glæsilegrar útkomu Mola sem lambaföður. Í móðurætt er Eilífur af Broddaneskyni en móðir hans er fædd í Broddanesi og að henni standa margir sterkir gerðarhrútar.

Ærin 20-074 var einlembd gemlingsárið og aftur tveggja vetra en síðan verið tvílembd. Hún hefur skilað feikigóðum afurðum. Undan henni hafa áður verið settir á tveir hrútar og ein gimbur, móðir Elliða 24-961. Tvö lömb farið í sláturhús og bæði flokkast í E3+. Hún er með 7,3 afurðastig, en árið 2024 er óuppgerð.

Eilífur er arfblendinn með verndandi ARR og mögulega verndandi AHQ og skilar því góðum genum til allra afkvæma sinna.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Nokkrar líkur eru á að Eilífur reynist arfblendinn gagnvart dökkum lit og tvílit þar sem foreldrar hans eru bæði þannig hvítar kindur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir; arfblendinn (AHQ//ARR).

Mál og stigun: 2024-53-109-32/4,1/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiðvaxinn, bollangur og holdgróinn glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið í meðallagi fínt og talsvert hrokkið ofan til. Þelið þykkt. Ullarmikill hrútur með góð ullargæði.

Bakgrunnur: Ósmann 24-968 kemur frá Ríp í Hegranesi. Á Ríp er myndar sauðfjárú þar sem stundað hefur verið öflugt fjárræktarstarf lengi og sæðingar nýttar til kynbóta. Stoffinn er að uppistöðu hyrndur en kollótti hluti hjarðarinnar hefur verið í mikilli sókn á undanförunum árum. Búið hefur um langt skeið ekki verið opið stöðvunum sökum sjúkdómastöðu í varnarhólfinu en nýir möguleikar hafa opnast með innleiðingu verndandi arfgerða gegn riðu.

Ósmann er einn af fjórum úrvalssonum Mola 23-919 frá Miðdalsgröf sem nú eiga sæti á sæðingastöðvunum. Í móðurætt standa að honum kollóttu garparnir Serkur 13-941 frá Hjarðarfelli og Baugur 10-889 frá Efstu-Grund en langamma hans, 07-754, var hyrnd og í æðum hennar allmikilið Hestblóð.

Móðir Ósmanns, 18-809 var einlembd gemlingsárið og síðan ávallt verið tvílembd. Hrúturinn á móti Ósmanni var einnig hörkulamb og stigaðist upp á 87,5 stig. 18-809 stendur nú í 6,5 afurðastigum en árið 2024 er óuppgerð.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Moli 23-919, faðir hans, reynist vera arfblendinn fyrir gráum lit og gaf tvílit en ekki mórætt. Um helmingis líkur eru á að Ósmann hafi fengið þessa eiginleika frá föður sínum.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir; arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2024-54-108-37/2,9/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,0-9,0-8,0-9,0=90,5 stig.





Lýsing: Svartur, smáörðóttur. Bollangur hrútur með sívalann bol og góða holdfyllingu í baki, á mölum og í lærum. Fágaður hrútur.

Ullarlýsing: Togið aðeins móleitt, fremur langt og í meðallagi fint. Þelið meðalþykkt og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Steindi 24-971 er sonur Steins 23-926 en Steinn var í hópi bestu lambafeðra stöðvanna þetta árið. Í móðurætt er Steindi af kollóttu fé og úr hjörð sem kennd er við Mávahlið og landsþekkt frá fyrri tíð fyrir úrvalsgott hyrnt fé. Í dag samanstendur hjörðin bæði af hyrndu og kollóttu fé.

Ösp 22-006, móðir Steinda, átti eitt lamb gemlingur. Í vor var hún tvílembd og er með 6,5 afurðastig fyrir þessi tvö ár. Hrúturinn á móti Steinda fór í sláturhús, fallþungi 28,1 kg og flokkaðist í U3. Prímus 21-005, faðir Aspar 22-006, tók þátt í afkvæmarannsókn í Bjarnarhófn sem var á vegum stöðvanna árið 2023 og skilaði þar athygliverðum lömbum. Dögg 19-014, móðurmóðir Steinda, var einlembd gemlingur og einu sinni síðan, annars tvílembd. Öll hennar lömb hafa ýmist verið sett á heima eða seld til lífs. Dögg er með 6,8 afurðastig eftir fimm ár.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Steindi er svartur og erfir mjög líklega einnig tvílít þar sem tvílítur er á bak við hann í báðum ættum. Í móðurættinni er ekki langt í mórauðan lit svo mögulega mun Steindi gefa alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-54-111-32/2,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=88,0 stig



Lýsing: Hvítur, smáörðóttur. Fremur þéttvaxinn hrútur með sívalann bol en bollengd í meðallagi. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið er í meðallagi langt, liðað og fint. Þelið fremur þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi. Góð ull.

Bakgrunnur: Gautur er fyrsti hrúturinn sem kemur inn á stöðvarnar frá Þorgautsstöðum 2. Stöðvahrútarinn Njörður 15-991 frá Gilsbakka og Jónas 12-949 frá Miðgarði áttu þó ættir að rekja í hjörðina þar að nokkru leyti. Á Þorgautsstöðum 2 er ræktað bæði hyrnt og kollótt fé. Kollóttu ærnar hafa verið 35-40% af hjörðinni en um árabíl hafa verið um 170 ær og gimbrar á fóðrum. Sæðingar hafa verið stundaðar árlega á búinu frá árinu 2002 en annað hvort ár, árin þar á undan.

Steina 17-720, móðir Gauts, var felld nú í haust. Hún var tvílembd gemlingur og æ síðan nema einu sinni þrílembd og einu sinni einlembd. Hún er með 6,9 afurðastig fyrir sjö ár. Skilaði öllum sínum lifandi fæddum lömbum og fósturlömbum til nytja.

Gautur er arfblendinn með verndandi ARR og mögulega verndandi AHQ og skilar því góðum genum til allra afkvæma sinna.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Faðir Gauts, Kristall 23-152, er arfblendinn hvítur og komu undan honum bæði einlita og tvílita lömb en mórauður litur kom ekki fram þó móðir Kristals erfi frá sér mórauðan lit. Það kemur í ljós næsta vor hvort Gautur skilar einhverjum litum til afkvæma sinna en hreinhvítum lömbum skilar hann bjóði mæðurnar upp á þann möguleika.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AHQ//ARR).

Mál og stigun: 2024-45-104-30/2,7/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,0=85,0 stig



HURÐIR SEM HENTA ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol** hurðir
frá Límtré Virnet

- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

Kynntu þér úrvalið á [Limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)



24-974

TOPPUR

frá Hóferði, Flóa.



ATLAS 23-924
frá Hofi

ÍÐA 21-120

GULLMOLI 22-902 ~ APENA 14-440
frá Þernunesi

FÁLKI 17-821 ~ ELLÝ 19-020
frá Bassastöðum

FMFF: Grábotni 06-833



Lýsing: Hvítur, smáhnýflóttur. Óvenju þroska mikið og glæsilegt lamb. Allur mjög breiðvaxinn og með frábæran afturpart. Höfðinglegur gripur.

Ullarlýsing: Ljós gulur á fótum en annars vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi langt og slétt en mjúkt. Þelið þykkt. Ullin aðeins stutt í bakinu en eigi að síður er hrúturinn ullarmikill. Falleg ull.

Bakgrunnur: Toppur frá Hóferði kemur úr frekar lítilli hjörð (um 50 ær) en langræktaðri. Þar er bæði hýrnt og kollótt fé. Hyrnda féð er út af fé frá Efri-Gegnishólum í Flóa og kollótta féð af Ströndum. Ræktunarstarf er öflugt og bæði notast við sæðingar og með aðkeyptum kynbótahrútum, t.d. frá Smáhömrum, Broddanesi, Bjarnastöðum og Hafrafellstungu.

Móðir Topp, Íða 21-120, er öflug ær. Hún var einlembd gemlingur og skilaði mjög vænu lambi (fallþungi 24,9 kg og flokkaðist í U3+). Hún hefur svo verið tvílembd tvisvar og þau fjögur lömb hafa öll verið sett á (3 hrútar og 1 gimbur). Albróðir Topp, Sómi 24-072, stigaðist feikivel eða upp á 90,0 stig í heild. Íða hefur 9,6 afurðastig fyrir þrjú ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%


Lítaerfðir: Mestar líkur eru á að Toppur sé arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-58-1 | 1-37/4,7/5,0-7,5-10,0-9,5-9,5-10,0-20,0-8,5-8,0-9,0=92,0 stig



TIL MINNIS:



Lýsing: Hélugrár, hnýflóttur, aðeins snúinn í framfótum. Rólegur og dagfarsprúður. (Fótleggur 120 mm).

Ullarlýsing: Ullin er að mestu silfurgrá en aðeins misjafn litur á reyfi. Ullin er þellítil en togfín og togjð hefur sterka tilhneigingu til lokkunar. Mjög góður gljái er á ullinni.

Reynsla: Silfurprúður er alveg óreyndur sem lambafaðir. Helsta forsendan fyrir vali hans er mjög góður felddómur og þá ekki síst fyrir eiginleikana, lokkun og dreifing og lokkurinn, sem hann hlaut hámarkseinkunn fyrir. Þó liturinn mætti vera jafnari þá er Silfurprúður fallega silfurgrár og um leið aðeins ljósgrárri en aðrir stöðvahrútar af feldfjárættum hafa verið.

Móðir Silfurprúðs, 17-724, var höfð geld sem gemlingur en tvílembd öll ár síðan. Hún hefur 2,4 afurðastig fyrir sex ár en haustuppgjör 2024 liggur ekki fyrir. Silfurprúður reiknast 100% af feldfjárættum í Fjárvis. Hann er afkomandi Lobba 09-939 á þrjá vegu en í ættartrénu má einnig finna einstaklinga sem hafa komið lítið við sögu á sæðingastöðvunum áður.

Litaerfðir: Silfurprúður á engin afkvæmi. Mestar líkur eru á að hann sé arfhreinn grár þó mögulega geti komið undan honum svört lömb. Hvorugt foreldra hans hafa átt tvílit lamb og líkur á mórauðum lit eru litlar.


PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).



Felddómur 30/9 2023

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Togháragæði	Þéttleiki	Heildareinkunn
3	5	5	4	4	3	4	28

FORSTUHRÚTUR



Lýsing: Völundur er móarnhöfðóttur, hyrndur,

Bakgrunnur: Hér fara eftir upplýsingar frá Guðlaugu Bergsveinsdóttur sem nú stýrir hinni landsþekktu ræktun forystufjár á Gróustöðum: "Völundur er undan Mána 22-401 sem á ættir að rekja til Gróustaða og Fremri-Gufudals. Máni er móflekkóttur, stór, langur, yfirmáta geðgóður og mannelstur með vakandi og athugult auga. Móðir Völundar, Frigg 15-500, er heimaráktað á Gróustöðum og með elstu núlifandi forystuám búans. Amma hennar var engin önnur en Komma, móðir Gera sem er áhugamönnum og ræktendum forystufjár að góðu kunnur. Frigg er ein hávaxnasta kind hjarðarinnar, sýnir mikla forystugetu úti við, fer fyrir hópi og leiðir vel en er rólynd í húsi. Augað er vökult, kindin athugul og áhugasöm um fólk en ekki gefin fyrir adot.

Völundur er því af gömlum og góðum ættum forystufjár á Gróustöðum. Hann var sem lamb sprækur og forvitinn um fólk en eins og móðir hans en lítt gefinn fyrir blíðuhót. Það gæti þó hæglega breyst því í haust hefur hann einungis sýnt mikla árvekni en jafnframt yfirvegun."

Það er einróma álit þeirra sem komið hafa að og vit hafa á að þarna fari úrvall forystugripur, rólegur og skynsamur þrátt fyrir ungan aldur.

Að þessu sögðu verður vart annað ályktað en Völundur henti með miklum ágætum til viðhalds hinum margrómaða og einstaka eiginleika sem forystueðli íslenska forystufjárins er.

Frigg 15-500, móðir Völundar, átt eitt lamb gemlingur, síðan hefur hún einu sinni verið geld, einu sinni látið, tvisvar einlembd, einu sinni þrílembd en annars tvílembd.

Litaerfðir: Völundur getur gefið alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Árangur sæðinga (ósamstilltar ær, ferskt sæði) og kjötmat 2024 eftir sæðingastöðvahrútum

Hyrndir hrútar, númer og nafn	Ær til uppgjors	Árangur	Fædd lömb/á	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	% í E	% í U	% í 3
18-882 Angi	521	72%	1,89	361	18,4	9,8	6,8	7%	47%	44%
19-883 Kraftur	344	72%	1,89	271	18,3	10,2	6,4	14%	49%	36%
19-884 Askur	307	66%	1,85	211	17,0	9,9	6,5	9%	48%	35%
19-885 Alli	359	77%	1,98	285	19,1	10,9	7,2	21%	53%	54%
19-903 Laxi	980	73%	1,89	632	18,5	9,8	6,4	9%	44%	34%
19-904 Lási	280	72%	1,85	210	18,3	10,5	6,8	13%	57%	47%
20-877 Grettir	432	74%	1,97	300	19,4	10,7	6,9	15%	60%	44%
20-891 Jaður	546	75%	1,96	357	18,8	10,9	6,8	23%	52%	46%
20-892 Austri	214	68%	1,83	134	17,8	10	6,4	13%	41%	37%
20-905 Kátur	796	67%	1,81	426	18,7	11,5	6,9	32%	53%	53%
21-896 Þór	655	77%	1,94	503	18,9	11,2	6,9	25%	57%	43%
21-897 Sævar	450	76%	1,89	289	18,4	11,1	6,8	26%	51%	43%
21-898 Strokurur	70	77%	1,90	61	17,5	10,5	6,3	16%	49%	38%
21-909 Bogi	228	80%	1,89	152	17,9	10,6	6,1	21%	44%	30%
21-910 Glitri	352	69%	1,84	203	18,0	10,3	6,0	13%	52%	28%
21-911 Böggull	427	76%	1,88	324	18,8	10,4	7,5	17%	48%	47%
22-901 Hornsteinn	185	75%	1,92	139	19,1	10,1	7,0	12%	46%	42%
22-913 Frosti	793	70%	1,92	437	18,5	10,9	6,6	25%	48%	39%
22-914 Úlli	729	71%	1,90	473	18,0	10,4	6,3	17%	48%	35%
23-922 Bjarki	642	73%	1,89	433	18,2	10,4	6,9	15%	50%	46%
23-923 Krókur	750	70%	1,85	506	18,4	9,6	7,3	6%	42%	50%
23-925 Fannar	1.006	80%	1,89	640	19,1	10,6	6,8	20%	48%	44%
23-927 Birkiland	1.093	76%	1,90	819	19,0	10,5	6,9	17%	50%	43%
23-929 Hraunar	680	73%	1,92	498	19,3	10,1	6,8	10%	50%	45%
23-930 Styrmir	949	76%	1,91	701	18,4	10,1	6,7	12%	45%	39%
23-931 Jór	1.104	75%	1,97	985	17,7	9,8	6,8	9%	43%	42%
23-932 Bolti	452	79%	1,86	380	17,9	9,9	6,6	8%	47%	39%
23-933 Tjaldur	228	78%	2,02	203	18,1	9,3	6,5	4%	37%	38%
Kollóttir hrútar, númer og nafn	15.572	74%	1,90	10.933	18,5	10,3	6,8	15%	48%	42%
18-854 Svörður	158	73%	1,79	91	19,0	9,7	6,3	9%	42%	41%
19-888 Móri	187	80%	1,85	147	18,7	10,0	6,8	8%	50%	39%
19-889 Kústur	111	74%	1,85	103	19,2	10,4	7,1	15%	51%	39%
20-906 Fáli	240	80%	1,89	149	18,7	9,9	6,7	6%	52%	41%
20-908 Kópur	119	68%	1,84	95	19,2	10,5	7,3	9%	66%	45%
21-899 Gimsteinn	579	78%	1,86	428	18,4	9,6	7,2	4%	46%	47%
21-912 Flóni	100	86%	1,84	73	19,4	9,9	6,8	5%	52%	45%
22-902 Gullmoli	1.137	75%	1,86	761	19,0	11,1	7,1	27%	48%	41%
22-915 Prúður	358	80%	1,86	300	18,0	10,2	6,8	15%	46%	33%
23-917 Kristall	840	78%	1,94	570	19,0	9,8	7,1	9%	43%	47%
23-918 Blær	1.143	74%	1,86	829	18,9	10,0	7,2	9%	50%	47%
23-919 Moli	1.059	75%	1,87	693	18,7	11,3	6,9	33%	46%	43%
23-920 Hreinn	1.247	71%	1,84	575	18,5	10,1	6,9	12%	46%	41%
23-921 Móði	523	77%	1,90	368	18,4	9,5	6,4	4%	44%	39%
23-924 Atlas	730	77%	1,86	510	19,5	10,2	7,1	13%	50%	49%
23-926 Steinn	1.015	72%	1,92	657	19,1	11,1	7,2	31%	43%	44%
23-928 Starri	667	81%	1,87	561	18,9	9,7	7,1	5%	48%	47%
Aðrir hrútar, númer og nafn	10.213	75%	1,87	6.910	18,8	10,3	7,0	15%	47%	44%
18-881 Brúsi	35	81%	1,96	34	16,2	7,4	5,9	0%	12%	26%
20-895 Frakki	72	80%	1,88	28	14,3	4,2	5,0	0%	0%	4%
20-907 Loki	25	64%	1,97	22	14,9	4,7	5,5	0%	0%	9%
21-916 Steinríkur	14	100%	2,00	10	15,8	6,2	5,9	0%	0%	30%
	146	79%	1,93	94	15,3	5,7	5,5	0%	4%	16%
Samtals	25.931	74%	1,89	17.937	18,6	10,3	6,9	15%	48%	42%
Sauðfjársæðingastöð Suðurlands	12.561	75%	1,89							
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands	13.370	73%	1,89							
Samstilltar ær, landið	1.793	51%	1,79							
Samst. á öðru gangmáli landið	320	68%	1,88							
Fryst sæði allt landið	324	46%	1,68							

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóv. 2024

RIDUKYNBÓTAMAT

Jón Hjalti Eiríksson og Þórdís Þórarinsdóttir

Í júlí síðastliðnum birtist þetta nýja kynbótamat fyrir riðumótstöðu í kynbótamatsyfirlitinu í Fjárvis. Það er von okkar sem stöndum að þróun og innleiðingu þess að þetta geti orðið gagnlegt hjápartæki nú þegar sauðfjárbændur fara af fullum krafti í að innleiða verndandi arfgerðir gegn riðuveiki inn í sauðfjárstofninn.

Valið fyrir riðumótstöðu fer fram grundvelli arfgerðar þríongensins sem er hægt að greina með frekar auðveldum hætti. Samt sem áður er ljóst að ekki er raunhæft að arfgerðargreina allar kindur sem koma við sögu í þessu stóra verkefni. Ætternisupplýsingar geta aftur á móti í mörgum tilfellum gefið upplýsingar um hvaða arfgerðir kindur geta verið með þó þær séu ekki arfgerðargreindar. Slík spá fyrir alla gripi í ættartölu stofnsins er flókið verkefni, sérstaklega í ljósi þess hve margar samsætur um ræðir og hve margir möguleikar geta orðið ef reynt er að spá meira en eina kynslóð fram eða aftur í ættir. Þess vegna höfum við hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þróað þessa frekar einföldu aðferð til að spá fyrir um riðumótstöðu kinda sem ekki eru arfgerðargreindar byggt á ætternisupplýsingum, og köllum spána riðukynbótamat.

Aðferðir

Aðferðin byggir á ákveðnum einföldunum sem gerir að hún er ekki algerlega nákvæm í öllum tilfellum. Hún hefur aftur á móti þann kost að gefa eina tölu fyrir allar kindur sem niðurstöðu sem getur verið þægilegt til að bera saman kindur með mismunandi upplýsingar á bak við sig. Spáin sem við gerum er skilgreind eins og kynbótamat, þ.e. þetta er spá fyrir um hvað hver kind skilar til afkvæma sinna frekar en spá um hvaða mótstöðu hún sjálf er með. Þetta fer þó yfirleitt saman. Jafnframt er hún sett fram á sama hátt og vaninn er með kynbótamat hér á landi, þ.e. sem tala með meðaltal 100 og staðalfrávik 10.

Aðferðin er í stuttu máli þannig að fyrst er gerð spá um fjölda eintaka af hverri genasamsætu sem líklegt er að hver gripur beri. Fyrir arfgerðargreinda gripi er það vitað út frá greiningunni. Fyrir aðra gripi er byggt á ætterni. Spáin tekur tillit til óvissu með því að gefa upp tölur á milli heilu talnanna. Í raun getur hver kind bara haft nákvæmlega 0, 1 eða 2 eintök af hverri samsætu en spáin getur þá t.d. verið 0,5 ef helmings líkur eru á að kindin erfi eina slíka samsætu. Í næsta skrefi eru niðurstöðurnar teknar saman fyrir allar samsætur. Hverri arfgerð er gefið tölugildi sem lýsir því hve mikil vernd er tengd viðkomandi samsætu samkvæmt þeim rannsóknnum sem hafa verið gerðar. Byggt á því er tekið saman í eina tölu hver líkleg mótstaða afkvæma hverrar kindar er.

Niðurstöður

Prófanir á aðferðinni sýndu að öryggi spáinnar, þ.e. líkur á að mótstaðan sem spáð er sé nærri þeirri sem kemur í ljós ef kindin er arfgerðargreind, er ágæt ef hátt hlutfall skyldra kinda eru greindar. Hversu örugg spáin verður fyrir einstaka bú er þannig mjög háð því hvort mikið er arfgerðargreint í hjörðinni og hve mikið sæðingar hafa verið notaðar á búinu. Sæðingarnar hafa áhrif því arfgerð sæðingahrútanna er þekkt. Niðurstöðurnar sýndu líka skýrt að það er drýgra að arfgerðargreina hrúta en ær til að þekkja arfgerðirnar í sinni hjörð því hrútarnir eiga að jafnaði mun fleiri afkvæmi en ærnar. Þessar aðferðir virðast jafnframt virka betur og eiga betur við fyrir samsætur sem eru ekki mjög sjaldgæfar. Eins og staðan er í dag eru það þannig frekar H154 (AHQ) og C151 og samsæturnar sem þessar spár eru viðeigandi fyrir. Fyrir R171 (ARR) og T137 ætti að byggja á arfgerðargreiningum sem mest næstu 1-2 tvö árin alla vega. Þegar fram liða stundir og þessar samsætur verða algengari verður frekar gagn af spánni fyrir þessar samsætur líka og hægt að fara að spara sér arfgerðargreiningar.

Í meðfylgjandi töflum er dæmi um kynbótamat nokkurra kinda, bæði arfgerðargreindra og ekki arfgerðargreindra. Þessar örfáu arfhreinu verndandi R171 kindur sem eru þekktar eru eðlilega lang hæstar, með mat upp á 167 og kindur arfhreinar með áhættuarfgerðin V136/V136 lægstar með 57. Aðrar arfgerðir raðast þar á milli, og villigerðin (ARQ/ARQ), sú algengasta fær mat um 94-95. Við skoðun á matinu sást hvernig kindur sem eru lægri en 95 reynast eiga ættingja með V136 (VRQ), áhættusamsætuna. Þær sem eru hærrí en 97 reynast svo eiga forfeður eða afkomendur með mögulega lítið næmar, mögulega verndandi eða verndandi samsætur.

Notagildi

Við sem höfum unnið að þessu sjáum notagildi kynbótamats fyrir riðumótstöðu helst fyrir okkur með tvennum hætti. Í fyrsta lagi, nú þegar ræktunin gegn riðu er að byrja getur það hjálpað til við að finna ær sem mögulega bera mögulega verndandi samsætur, þá helst H154 því sú er algengust í stofninum. Þessar ær eru þá með kynbótamat nokkuð yfir 100 á meðan þær sem eru næsta örugglega bara með næmar samsætur fá mat undir 100. Það kann þá að vera meiri ástæða til að láta greina ær með herra mat eða taka lömbin undan þeim til skoðunar og ásetnings. Hin leiðin til hagnýtingar verður trúlega frekar notuð þegar við verðum komin lengra í innleiðingunni, en þá gæti verið gagnlegt að horfa til riðukynbótamatsins við val ásetningsgimbra til að spara arfgerðargreiningar en reyna jafnframt að hámarka mótstöðu gimbrahópsins sem er settur á.

Tafla 1. Riðukynbótamat fyrir arfgerðargreindar kindur.

Kynbótamat	Greiningar
167	R171 R171
147	T137 H154
121	H154
103	N138
94-95	
57	V136 V136

Tafla 2. Kindur sem eru ekki arfgerðargreindar.

F: faðir, M: móðir, L: lamb, MF: móðurfaðir, MM: móðurmóðir.

Kynbótamat	Greiningar skyldra einstaklinga
136	F: R171 H154 MF: H154
121	F: T137 H154 M: H154
121	L: H154 H154 L: H154
118	L: H154 FF: H154 FMF: H154
108	F: C151 MF: H154
101	F: H154 MF: H154 MM: H154
99	F: N138 MF: H154
96	Foreldrar óþekktir
94-95	F: H154 MM: H154 MF: H154
85	F: H154 M: V136



NAFLASLIT

Páll Stefánsson, dýralæknir

Á kviðarholi sauðfjár eins og annarra spendýra eru tvö náttúruleg op. Annars vegar naflaop og hins vegar náraop (náragöng, þar sem eistu skríða niður).

Um naflaopið er naflastrengur tenging fósturfylgju á meðan meðgöngu stendur. Við fæðingu slitnar naflastrengur og magálsvöðvar draga sig saman til að loka opinu. Í þeim tilfellum þar sem það ekki gerist lokar samt húðin en eftir stendur mismunandi stór kúla á miðjum kviðnum með innihaldi líffærahluta kviðarholsins. Þetta köllum við naflaslit.

Við heilbrigðisskoðun hrúta haustið 2023 kom í ljós naflaslit á hrútnum Steini 23-926 frá Kaldbak. Undirritaður dýralæknir gaf leyfi til að nota hrútin í sæðingum með þeim fyrirvara að gallans yrði getið í hrútaskrá og ástæða hans óþekkt.

Nú í haust 2024 hefur síðan komið í ljós að nokkur lömb af sama meidi og Steinn eru með naflaslit. Má því telja nokkuð víst að um erfðagalla sé að ræða og ræktunin þurfi að taka tillit til þess.

Ástæður naflaslits geta verið eftirfarandi;

1. Naflaopið lokar sér ekki vegna sýkingar og/eða bólgu í kjölfar fæðingar.
2. Naflaopið lokar sér en rifnar upp aftur í kjölfar sýkingar, meiðsla eða annarra ástæðna nokkru eftir fæðingu eða jafnvel enn síðar.
3. Naflaopið er of vítt og lokar sér ekki. Ástæður þess eru taldar tengdar erfðum.

NOKKUR ORD UM ERFÐAGALLA

Eypór Einarsson

BÓGKREPPA

Nokkrar ábendingar bárust í vor um lömb sem hugsanlega gætu verið með einkenni bógkreppu. Ekkert kom þó fram sem telja má nægilega afgerandi sönnun, þannig að tilefni sé til að varpa grun á ákveðna hrúta. Gagnvart stöðvahrútnum var ekki um að ræða fleiri en eina tilkynningu tengda hverjum hrút. Einkennin voru yfirleitt væg og ekki voru þekktar bógkreppuættir á móti. Enginn af þessum hrútum lá þegar undir grun, hvorki út frá ætterni né niðurstöðum úr erfðaprófi. Í nokkrum tilfellum var hægt að fá sýni úr lambi og þau send til greiningar. Niðurstaða prófana var að ekki væri um erfðagallan bógkreppu að ræða.

GUL FITA

Hægt er að fá prófað fyrir erfðagallanum gulri fitu hjá Matís. Líkt og á síðasta ári var gert erfðapróf á öllum hrútum stöðvanna. Það liggur því fyrir að allir þeir hrútar sem í boði verða í vetur eru ekki arfberar gulrar fitu.

KLOFINN HRYGGUR

Drjár tilkynningar komu fram í vor um lömb sem talið er að hafi sýnt einkenni þess að vera með klofinn hrygg. Gallinn er þekktur í mörgum dýrategundum, þar á meðal mannfólki, og talinn stjórna bæði af erfðum og umhverfi. Skortur á fólinsýru mun m.a. geta valdið þessum galla í þroska mænuganganna.

Lítið hefur heyrst um þennan galla í sauðfé hér á landi síðustu áratugi. Hins vegar er þekkt að gallinn var til í sauðfé hér á landi. Stefán Aðalsteinsson rannsakandi klofinn hrygg í sauðfé, á níunda áratug síðustu aldar, og sýndi fram á að hann erfðist með einföldum víkjandi erfðum. Einkenni gallans eru þau að opin rauf er ofan í spjaldhrygginn (klofnir hryggjarliðir) og lambið er lamað að aftan og getur því ekki staðið hjálparlaust.

Fæður þeirra þriggja lamba sem hugsanlega hafa borið þennan galla eru þeir Hreinn 23-920 frá Þernunesi, Bolti 23-932 frá Reykjum og Úlli 22-914 frá Ytri-Skógum. Til að fá það staðfest hvort þessir hrútar beri raunverulega þennan erfðagalla (eða hvort hér hafi verið um tilfallandi vansköpun að ræða) þá eru bændur hvattir til þess á komandi fengitíma að halda saman systkinum undan áðurnefndum stöðvahrútnum.

Allar upplýsingar um hugsanlega erfðagalla sem bændur verða varir við er mikilvægt að fá upplýsingar um. Senda má tölvupóst á ee@rml.is.



@HES

BÓLUSETNINGAR

Charlotta Oddsdóttir og Svala Ögn Kristinsdóttir dýralæknar á Keldum

Vorið 2023 hófst verkefni á Keldum um að kryfja og safna bakteríusýnum úr slefsýkilömbum. Af þeim 17 lömbum sem krufin voru, fengu ellefu (64%) greininguna lambablóðsótt, út frá líffærabreytingum og einkennum, þó ekki hafi alltaf tekist að rækta bakteríuna. Einkenni lambanna voru slappleiki, þemba og jafnvægisleysi, með eða án slefs. Mæður lambanna höfðu allar verið bólusettar gegn lambablóðsótt, ýmist með blandaða bólefni frá Keldum, eða einhverjum af erlendu bólefnum. Það vöknudu því spurningar um hvort þyrfti að hnykkja á verklagi við bólusetningar. Í erindi um verkefnið á fagráðsfundi 2024 var þar af leiðandi bent á að þeir bændur sem missa lömb á sauðburði ættu að huga vel að því hvernig bóluset er. Bólusetning er aldrei fullkomin vörn gegn sjúkdómum og þar sem mikið smítalag er, getur verið enn mikilvægara að vanda vel til verka.

Grunnbólusetningu á ásetningslömbum þarf að gera tvisvar og áriðandi er að láta ekki of stuttan tíma líða milli þessara tveggja, þó svo tvær vikur geti nægt þar sem ekki er mikið smítalag. Almenn er talið að ónæmiskerfið þurfi lágmark 3-4 vikur (mega vera allt að 6 vikur) til þess að fyrsta bólusetningin hafi náð að vekja viðbrögð þess, og þá hafi seinni bólusetningin enn frekar hvetjandi áhrif á mótefnamyndun. Það er því hentugt að gefa sér góðan tíma í að grunnbólusetja einhvern tímann á tímabilinu frá því lömbin eru tekin á hús og fram yfir fósturtalningu, eftir því hvernig önnur verk falla. Það getu nefnilega sett strik í reikninginn, eins og gerðist nú síðast, að bólefni sem fólk hafði ætlað sér að nota fengust ekki fyrr en jafnvel var orðið um seinan að bregða á önnur ráð. Árlegu örvunarbólusetninguna á fengnum ám má að sama skapi gera á síðustu 4-6 vikunum fyrir áætlaðan burð, og óþarfi að biða þar til einungis 2 vikur eru í sauðburð.

Mikil aukning var í notkun lambablóðsóttarsermisins (sem í seinni ár hefur einnig innihaldið mótefni gegn öðrum clostridíusjúkdómum) frá Keldum í ár, líklega vegna þess að margir bændur höfðu ekki náð að bólusetja eins og þeir hefðu viljað, en einnig vegna þess að margir bændur þekktu niðurstöður verkefnisins á Keldum. Það vill svo til að í vor var hlutfall lamba sem greindust með clostridíusjúkdóma í verkefninu mun lægra, hvort sem það stafar af bættu verklagi við bólusetningar, notkun sermis eða hreinni tilviljun.

Á næstunni stendur svo til að greina erfðaeftirbæði E. coli og clostridíubaktería sem ræktast hafa úr lömbum til þess að koma auga á meinvirkniþætti sem geta haft áhrif á sjúkdóma og varnir gegn þeim. Með aukinni þekkingu á bakteríunum og bólefnum gegn þeim viljum við skila bændum markvissum upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn smálambasjúkdómum.

AFKVÆMA- RANNSÓKNIR VEGNA SÆDINGA- STÖDVANNA 2024

Eypór Einarsson

Afkvæmarannsóknir vegna sædingastöðvanna voru óvenju fáar þetta árið. Breyttar áherslur í hrútavali valda því, þar sem nú voru einungis valdir inn hrútar með verndandi (V) eða mögulega verndandi (MV) arfgerðir. Sérstaklega á það við um ARR hrútana, þar sem í því verkefni er lögð þung áhersla á að komast sem hraðast með þær ættlinur nokkrar kynslóðir áfram meðan verið er að koma arfgerðinni inn í stofninn og upphafsgripirnir eru fáir. Því gefst í raun ekki tími til að afkvæmaprófa hrútana.

Afkvæmarannsóknir voru með hefðbundnum hætti á Hesti og Ytri-Skógum. Síðan var samið við tvö önnur bú, þar sem fyrir lá að væri gott úrval af hrútum með mögulega verndandi arfgerðir, að halda afkvæmarannsókn á heimahrútum. Það var á Skarðaborg og Svínafelli.

Hestur, Borgarfirði

Á Hesti voru lambhrútarnir afkvæmaprófaðir með hefðbundnum hætti. Í samanburði voru 10 hrútar. Þrír af þeim báru MV arfgerðir og einn verndandi arfgerð. Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sá um ómmælingar og stigun líflamba. Slátrun fór fram á Blönduósi 27. september. Enginn af þessum MV og V hrútum fengu nægilega góðar niðurstöður til að teljast spennandi stöðvahrútar og var því ekki falaður hrútur úr þessari afkvæmarannsókn.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Á Skarðaborg var víðamesta afkvæmarannsóknin þetta árið. Þar voru 13 hrútar í samanburði og allir báru þeir MV eða V arfgerðir. Stigun og ómmæling lamba fór fram 26. september. Aðalslátrun úr afkvæmarannsókninni fór fram 30. september á Húsavík. Dómari var Eypór Einarsson og um ómmælingar sá Guðrún Hildur Gunnarsdóttir. Einn hrútur var falaður af stöðvunum úr þessar afkvæmaprófun, Bónus 22-938.

Svínafell 2 (Víðihlíð), Örafasveit

Á Svínafelli, hjá Ármanni og Hólmfríði, var samanburður á 8 hrútum. Þeir báru allir MV eða V arfgerðir. Líflambadómar fóru fram 1. október. Dómari var Fanney Ólöf Lárusdóttir og mælingamaður var Pálína Pálsdóttir. Slátranir fóru fram á Selfossi. Enginn hrútur þótti bera hér nægilega af til þess að verða valinn í hóp stöðvahrúta.

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Í Ytri-Skógum var, líkt og hefð er fyrir, afkvæmaprófun á lambhrútum búans. Einn eldri aðkomuhrútur var með í samanburðinum, Moldi 22-712 frá Raufarfelli 2. Í heildina voru 10 hrútar gerðir upp í samanburði og báru 7 þeirra MV arfgerðir. Að þessu sinni voru bæði skoðaðar gimbrar og lambhrútar undan prófunarhrútunum en upplýsingar sem fylgja í hrútaskrá eru byggðar á lambhrútum. Líflambaskoðun fór fram 18. september. Fanney Ólöf Lárusdóttir var dómari og Halla Eygló Sveinsdóttir sá um ómmælingar. Slátrun fór fram á Selfossi 27. september. Tveir efstu hrútarnir voru síðan falaðir af sædingastöðvunum, þeir Faldur 23-937 og Garpur 23-936.

AF STÖÐU ARFGERÐA-GREININGA OG INNLEIÐINGAR VERNDANDI ARFGERÐA

LANDSÁÆTLUN UM ÚTRÝMINGU RIÐUVEIKI

Eypór Einarsson

Mikilvægt skref var stigið í baráttunni við riðuveiki í júní á þessu ári þegar lögð var fram landsáætlun um útrýmingu riðuveiki. Landsáætlunin er sameiginlegt stefnuskipt stjórnvalda og bænda, gefið út af Matvælaráðuneytinu, Matvælastofnun og Bændasamtökum Íslands. Í skjalinu er meðal annars fjallað um varnir, vöktun og viðbrögð við uppkomu riðuveiki en þar eru jafnframt sett fram markmið um útbreiðslu verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerða. Yfirstandandi er vinna hjá ráðuneytinu við reglugerð sem byggir á landsáætluninni.

Markmiðið er að búið verði að útrýma riðu í sauðfé á Íslandi árið 2024. Margar vörður eru á leiðinni og markmiðin miskrefjandi eftir stöðu búa með tilliti til riðuáhættu. Fyrir þú sem eru skilgreind sem áhættubú eða teljast til annarra búa á áhættuhólfum eru þegar sett fram markmið varðandi samsetningu hrútakostsins haustið 2024 (sjá nánar á bls. 29).

Í áætluninni er gert ráð fyrir hvatastyrkjum til áhættubúa vegna notkunar á hrútum sem bera V/V, V/MV og MV/MV arfgerðir, að stutt sé við sæðingar með hrútum sem bera V og MV arfgerðir og að arfgerðargreiningar séu niðurgreiddar.

Umfang arfgerðagreininga 2024

Umfang arfgerðagreininga það sem af er ári 2024 er það langmesta til þessa í íslenskri sauðfjárrækt. Það var jú viðbúið þar sem mikil notkun var á arfblandnum V og MV hrútum síðasta vetur og því nauðsynlegt að fylgja því eftir með markvissum sýnatökum. Stærsti hluti sýna var tekin í vor á sauðburði. Samkvæmt úttekt 6. nóvember er búið að skrá gildar niðurstöður á 68.400 sýnum í Fjávís frá árs byrjun. Þetta er nánast tvöfalt meira en greint var á síðasta ári en þá voru 35.258 sýni greind á rannsóknarstofu. Þau sýni sem greind hafa verið í ár koma frá um 780 búum en í skýrsluhaldi á síðasta ári voru í kringum 1.500 bú. Því hafa verið greind sýni á um helmingi þeirra búa sem eru í skýrsluhaldi. Nánast öll sýni ársins hafa verið greind hjá Íslenskri erfðagreiningu og hefur það gengið bæði hratt og vel. Sýnatökufærlid hefur þróast og búið er að leggja í talsverða vinnu í að gera Fjávís að góðu tæki til að halda utan um verkefnið.

Staðan í stofninum

Enn er ekki hægt að segja til um hvernig samsetning sauðfjárstofnsins (ásettir gripir) verður á komandi vetri þar sem skil á skýrsluhaldsgögnum er hvergi nærri lokið. Bestu tölur um stöðuna í stofninum í dag byggja á upplýsingum um ásetta gripi haustið 2023. Í töflu á bls. 30 í þessari skrá er yfirlit yfir

tíðni genasamsæta í stofninum framleiðsluárið 2023 til 2024. Byggja þær á greiningum 53.525 gripa sem er 15% af lifandi sauðfé sem skráð var í skýrsluhaldsgagnagrunninn síðastliðið vor. Ef skoðuð er sambærileg tafla sem birt var í hrútaskrá síðasta árs má sjá að tíðni R171 (ARR) hefur aukist úr 0,09% í 1,5%, tíðni T137 hækkar úr 0,15% í 0,5%, C151 hækkar úr 0,5% í 0,6%, tíðni H154 (AHQ) eykst úr 8% í 9,3%, N138 eykst úr 5% í 5,2% og tíðni V136 (VRQ) lækkar úr 3% í 2,6%. Þetta virka ekki sem mjög stórar breytingar en útlit er fyrir að skrefin verði margfalt stærri með hverju árinu sem líður.

Í töflu 1 er sýnt hvernig skiptingin er hjá þessum 53.525 gripum eftir flokkun arfgerða með tilliti til næmi fyrir riðu. Langflestar kindur eru hér í flokknum N/N. Það má reyndar ætla að þær geti engu að síður verið misnæmar fyrir riðusmiti en þetta eru kindur sem hafa engin græn flögg í Fjávís, heldur rauð (VRQ), gul (ARQ) eða blá (N138). Í landsáætlun er hins vegar grófari flokkun á þessum breytileikum/genasamsætum og þær allar flokkaðar sem næmar fyrir riðusmiti.

Tafla 1. Flokkun 53.525 ásetningsgripa, framleiðsluársins 2024 eftir því hvernig arfgerðir þeirra eru samsettar af verndandi (V), mögulega verndandi (MV) og næmum (N) genasamsætum

Arfgerð	Hlutfall gripa
V/V	0,01%
V/MV	0,22%
V/N	2,7%
MV/MV	2,0%
MV/N	16%
N/N	79%
Alls	100%

Úrval álitlegra ásetningshrúta

Í vor fæddust um 18.000 hrútlömb sem báru að minnsta kosti eina V eða MV genasamsætu (grænt flagg). Af þeim eru enn skráð lifandi um 3.700 hrútlömb og er helting af þeim arfblandin fyrir ARR, 2.594 hrútar. Ef tekið er mið af síðustu árum þá hafa varið settir á í kringum 7 þúsund lambhrútar og gæti því hlutdeild grænflaggaðra hrúta orðið býsna gott. Ef horft er nánar í einstaka breytileika sem flokkað sem MV þá bera í dag 144 lambhrútar T137 og þar af eru þrjú arfhreindir. Breytileikann C151 bera 156 lambhrútar, enginn

arfhreinn og 1.105 bera H151, þar af 133 arfhreindir. Einhver hópur líklegra ásetningshrúta er síðan ekki með greiningu en minnt er á að greining allra ásettra hrúta, burt séð frá arfgerð foreldra, hljóta hámarksniðurgreiðslu og kostar því greining á vegum RML 300 kr. Yfirlit yfir skiptingu hrútlamba eftir arfgerðum flokkum í verndandi, mögulega verndandi og næmar er að finna í töflu 2.

Tafla 2. Yfirlit yfir lambhrúta sem hafa sex sæta arfgerðargreiningu og hvernig arfgerðir þeirra eru samsettar af verndandi (V), mögulega verndandi (MV) og næmum (N) genasamsætum.

Arfgerðir	Fæddir vor 2024	Lifandi okt. 2024
V/V	65	52
V/MV	618	272
V/N	6.501	2.270
MV/MV	555	176
MV/N	4.529	917
N/N	20.823	2.839
Alls	33.091	6.526

Að lokum

Þernuneshrútamir hafa reynt vonum framar, skilað góðri gerð og miklum þroska og þryðilega lítur út með mæðræignleikana. Vissulega hafa einnig komið fram einhverjir gallar í einstaka afkvæmi svo sem fótagallar og kviðslit. Þarf því nú sem endranær að rækta kostna áfram en skilja gallana eftir. Það ánægjulega er að svartsýnisspár um mikla niðursveiflu í ræktun annarra eiginleika samhlið innleiðingu verndandi arfgerða hafa ekki ræst, og í raun hið gagnstæða en meistarinn Gullmoli 22-902 var útnefndur á árinu besti lambafaðir sæðingastöðvanna 2023.

Með örum hrútaskiptum og hagnýtingu mögulega verndandi arfgerða á að vera hægt að byggja hratt upp þolin stofn gegn riðusmiti án þess að auka skyldleikarækt óæskilega mikið. Það var mikill happafengur þegar í upphafi árs staðfestist að ný ættarlína af ARR genasamsætunni hefði fundist í Dölunum. Nú standa á stöðvunum 5 hrútar frá Vífilsdal sem hafa það hlutverk að koma þessu erfðafni áfram. Þeir eru frábær viðbót við þá flóru sem stöðvarnar bjóða upp á í ár. Innleiðing verndandi arfgerða er á fljúgandi siglingu og er vonandi að sú samstaða og áhugi sem hingað til hefur verið um verkefnið haldist áfram.

Þekking og ráðgjöf í þína þágu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Leitaðu ráða hjá RML

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurða
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Ef þú átt jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu
- Ef þú ert að hefja búskap eða breyta um búskaparform
- Ef þú vilt bæta reksturinn eða byggja nýtt
- Varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjávís – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarrækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt

Gimsteinn - Ráðgjöf um kynbætur og ræktun gegn riðu í sauðfjárrækt

Ráðgjöfin í Gimsteini miðar að því að setja upp áætlun fyrir sauðfjárþú um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða. Hægt að panta í gegnum heimasíðu okkar. Bændur kynnið ykkur málið og hafið samband við ráðgjafa okkar.



SAUÐFJÁRSÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili, þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 45 klst.) en egglosið verður 24-30 klst. eftir að beiðsluð byrjar og eggjið er frjótt í allt að 24 klst. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnaheittarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 20-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni og leitað er þrisvar sinnum á sólarhring. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingátíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfall eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu og stóru sauðfjárbúunum eru engir eða fáir aðrir gripir sem draga athyglina frá fénu og umgengni í fjárhúsum er meiri og tíðar en á blönduðum búum. Þar sem sauðfé er fátt er frístundabúskapur og féð jafnan spök gældýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingar á þessum búum.

SAMSTILLINGAR

SAMSTILLING MEÐ SVÖMPUM

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið og frjósemin hefur verið talsvert lakari en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampur sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingátími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að blæsma ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðsluð sést.

SAMSTILLING MEÐ SPRAUTUM

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að fá samstillingarsvampa, þá hefur verið brugðið á það ráð að nota prostaglandín sprautur. Þá er fenginn dýralæknir til þess að sprauta ærnar og þær blæsma næstu daga. Til að samstillingin takist sem best er sprautað tvisvar með 7 til 9 daga millibili. Blæsmin dreifast heldur meira en þegar notaður er svampur. Aðferðin hentar vel ef hleypa á til ána en ef á að sæða er best að byrja að leita að blæsma ám strax daginn eftir seinni sprautuna og sæða 16 til 24 klst. eftir að ærin sést standa undir hrúti.

SAMSTILLING MEÐ HRÚTAÁHRIFUM

Ef ánum er haldið frá fullorðnum hrútum fara þær ekki að ganga fyrir en seint í nóvember. Ef þær eru látnar komast vel í tæri við hrúta upp úr miðjum nóvember er líklegt að þær verði blæsma 19 til 23 dögum seinna 4. til 8. desember miðað við hrúta í 15. nóvember. Ef vitað er hvenær á að sæða er hægt taka ærnar á hús og leiða hrúta í gegnum hjörðina 20 til 21 degi fyrir.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR:

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-30 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar, þær á ekki að sæða. Leitað kvöldið áður en á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING:

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 til 60 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampur settir í 29. nóvember. Svampur teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI:

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18, 19 og 20 dögum eftir úrtöku.


Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampur settir í 13. nóv. Svampur teknir úr 27. nóv. Leitað að kvöldi 14. des, 15. og 16. des. Sæðing næsta dag eftir að sést á ánum.

FRYST SÆÐI:

Leita skal þrisvar sinnum á sólarhring, t.d. kl. 7 að morgni, aftur kl. 15 og að lokum kl. 23 að kvöldi. Sæða skal þær ær sem eru blæsma 20-24 klst. seinna.

Dæmi um verklag sem má viðhafa við notkun frysts sæðis:



MEDHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á að kæla sæðið meira ef á að nota það innan skamms, en það þarf að kæla sæðið niður í 5 °C ef á að nota það seint að deginum, um kvöldið eða næsta dag. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepið sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráð vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga tommustokk, málbandi eða hreinum járntein ofan í botn á kútnum og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki má vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í stúti kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

BÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.
 - o Minístrá (grönn 0,25 ml strá) skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.
 - o Mediumstrá (sverari 0,5 ml strá) skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglulega (helst fyrir hverja uppbíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréa með mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráð er sett í.
- Passið að sæðingataekið sé þurr.
- Eftir að stráð hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið itrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið að uppbídd strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a.

Skráðið ykkur inn á www.fjarvis.is.

b.

Veljið <Skrá sæðingar> í boxinu vinstra megin.

c.

Skráðið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., tímasetningu sæðinga, hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

NOKKUR RÁÐ TIL ÞESS AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI

Daginn áður en á að sæða er farið í fjárhúsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða daginn eftir.

Seint kvöldið áður en á að sæða er leitað aftur og þær ær sem eru blæsma nú, en voru ekki blæsma um morguninn, eru teknar frá og settar í stú/spil/krubbu nærri hrútunum. Það ættu að lifa 16-24 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinar aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að ragast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!

Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!

GÆÐI - ALLA LEIÐ!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar á Brúnastöðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Af ást og alúð sinna þau bústörfunum í sátt við náttúruna. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

